**Bæjarstjórn Garðabæjar 7. (847)/2019**

Boðað er til 7. (847). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 2. maí 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Dagskrá:

1. 1904011F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/4 '19.

   1704011 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Holtstún.

   1802322 - Samningur við Hestamannafélagið Sóta um byggingu reiðskemmu.

2. 1904029F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/4 '19.

   1808089 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð.

   1903017 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávik frá skipulagi vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 2.

3. 1904036F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/4 '19.

   1903374 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um lýsingu varðandi breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna breytinga á Norðurnesi Álftaness.

   1710083 - Afgreiðslu skipulagsnefndar um tillögu varðandi breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda varðandi byggð á Lyngássvæði.

   1902117 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi nýtt deiliskipulag fyrir Hafnarfjarðarveg.

   1305618 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Vífilsstaðaveg og Bæjarbraut.

   1711133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs.

   1711137 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda.

   1711136 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra.

   1711135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar (neðsta svæði -III).

1711132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varpandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hörgatúns 2.

1903082 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi kynningu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.

1809189 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi kynningu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns.

1804199 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu um grenndarkynningu á óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness.

1808087 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir færslu Vetrarbrautar o.fl.

1904227 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu um genndarkynningu á óverulegri breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis.

1709349 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu um grenndarkynningu umsóknar um byggingarleyfi viðbyggingar við Reynilund 11.

1904258 - Bréf Útgerðarfélagsins Álfar varðandi forkaupsrétt við sölu á fiskiskipi, dags. 15.04.19.

1812195 - Drög að þjónustusamningi Áss styrktarfélags og Garðabæjar um sértæka búsetuþjónustu við Unnargrund.

4. 1904014F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 10/4 '19.
5. 1904006F - Fundargerð leikskólanefndar frá 11/4 '19.
6. 1904025F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 12/4 '19.
7. 1904022F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/4 '19.
8. 1904024F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 26/4 '19.
9. 1904005F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 10/4 '19.
10. 1903034F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 21/3 '19.
11. 1903058F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/4 '19.
12. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/4 '19.
13. 1904165 - Fundargerð 18. eigendafundar Strætó bs. frá 8/4 '19.
14. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12/4 '19.
15. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 8/4 '19.
16. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 9/4 '19.

17. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 12/4 '19.

18. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 27/3 '19.

19. 1904359 - Fyrirspurn um kostnað og áætlanir vegna framkvæmda við Bæjargarðinn.

20. 1904357 - Tillaga um samning við Janus heilsueflingu.

21. 1904356 - Tillaga um umbætur í starfsumhverfi grunnskólakennara.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**
**6. (846). fundur 2019**

Fimmtudaginn 4. apríl 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, Sigurður Guðmundsson, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Kjartan Örn Sigurðsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Gunnar Valur Gíslason, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 21. mars 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1903043F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/3 ´19**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 9. tl,, minnisblað um snjallvæðingu Garðabæjar og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Garðabæjarlistinn leggur til að hafist verði handa við að vinna heildstæða digital stefnu fyrir sveitarfélagið þar sem heildarmyndin er teiknuð upp og farið í að áætla fjármagn í verkþætti til að gera innleiðingu mögulega."

*Afgreiðsla mála.*
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skólanefndar um að verða við erindi Hjallastefnunnar um leyfi fyrir kennslu á miðstigi. Forsenda fyrir leyfisveitingu er að viðeigandi húsnæði sé til staðar og að þessi aukna starfsemi dragi á engan hátt úr þeirri starfsemi sem fyrir er á leik- og grunnskólastigi

Bæjarstjórn samþykkir samkomulag við Hrafnistu um rekstur dagdvalar Ísafoldar frá og með 1. apríl 2019.

Fundargerðin sem er 11 tl. er samþykkt samhljóða.

**2. 1903055F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/4 ´19.**

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögur að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Álftaness.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögur að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Álftaness.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., stöðu framkvæmda 2019.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., stöðu framkvæmda 2019 og 1. tl., kynningu á öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., stöðu framkvæmda 2019.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 3. tl., stöðu framkvæmda 2019 og 1. tl., kynningu á öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., stöðu framkvæmda 2019 og 10. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi gerð lýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi í tengslum við breytingar á deiliskipulagi Norðurness Álftaness. Í því sambandi óskaði Ingvar eftir upplýsingum um stöðu fráveitumála á Álftanesi.

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögur að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Álftaness.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., stöðu framkvæmda og 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögur að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Álftaness.

Sigurður Guðmundsson, ræddi stöðu framkvæmda 2019.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögur að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Álftaness.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögur að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Álftaness.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., kynningu á öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar og 4. tl., afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögur að deiliskipulagi fyrir miðsvæði Álftaness.

*Afgreiðsla mála.*
Bæjarstjórn samþykkir eftirtaldar tillögur skipulagsnefndar um deiliskipulag fyrir Breiðumýri, Krók, Helguvík, Skógtjörn og Kumlamýri innan miðsvæðis Álftaness, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. dagskrárliði nr. 5 - 9. Tillögurnar hafa verið auglýstar og frestur til að gera athugasemdir var frá 27. desember 2018 til 7. febrúar 2019. Fjölmargar athugasemdir bárust í athugasemdarfresti. Þær hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir svör við þeim. Tekið hefur verið tillit til athugasemda og liggja fyrir tillögur um breytingar sem fram koma undir einstaka tillögum. Þær teljast ekki breyta upphaflegum tillögum í grundvallaratriðum og þarf því ekki að auglýsa tillögurnar að nýju, sbr. 4. mgr. 41. gr. skipulagslaga.
Lögð er fram fornleifaskráning og húsakönnun. Með gildistöku tillagna að nýju deiliskipulagi falla úr gildi núgildandi deiliskipulög svæðanna.

Samþykktar tillögur skulu sendar Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Breiðumýri á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Íbúðum fækki í Breiðumýri um 18 eða sem nemur 2 íbúðum á hvern húskjarna (úr 270 í 252)
Nýtt ákvæði um að hús í Breiðumýri næst Suðurnesvegi, Norðurnesvegi og Skólatúni verði ekki hærri en 2 hæðir. Þau hús geta hvort heldur verið útfærð sem raðhús eða fjölbýlishús.
Nýtt ákvæði um að hús í norðvesturhorni Hestamýrar nr. 3 verði ekki hærri en 1 hæð innan þess reits sem næst liggur Suðurtúni.
Sérnotafletir íbúða á jarðhæð verði stækkaðir eins og skipulagsnefnd leggur til.
Skjólveggir á sérnotareitum verði útfærðir eins og skipulagsnefnd leggur til.
Hámarkshæð húsa í Lambamýri lækki um 1m (úr 12m í 11m) og í Grásteinsmýri og Hestamýri um 1,5 m (úr 12 m í 10,5 m).
Byggingarreitir í Breiðumýri breikki úr 10 m í 12,5 m.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal

niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Krók á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Íbúðum (raðhúsum) fækki í Króki um 3 (Svanamýri 9 og Gásamýri 23 og 25).
Gásamýri 31, 29 og 27 verði hliðrað til suðurs.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Helguvík á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Leiðrétt er misræmi í auglýstri tillögu milli uppdráttar og greinargerðar hvað varðar hámarkshæð einbýlishúsa í Helguvík. Rétt er hæð 7,5 eins og gram kom í greinargerð.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Skógtjörn á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Heiti Holtsbrekku verði breytt í Dalsbrekku.
Tenging Dalsbrekku verði í beinu framhaldi af Tjarnarbrekku.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Kumlamýri á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Hámarkshæð parhúsa í Kumlamýri lækki um 1,0 m (verði 7,5 m). Göngustígur í gegnum Kumlamýri færist suður fyrir byggðina.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi við núverandi hús Álftaneskaffi verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna breytinga á lóðum við Keldugötu. Tillagan var auglýst og bárust athugasemdir og liggja fyrir svör við athugasemdum. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Arnarness í tilefni umsóknar um stækkun byggingareits fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Haukanesi 15, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.
Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Haukaness 13, 14, 16, 17 og 18 og Þrastaness 16 og 18.

Fundargerðin sem er 22 tl. er samþykkt samhljóða.

### 3. 1903045F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 27/3 '19.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., lýðræðisverkefnið, 4. tl., móttöku flóttamanna og 2. tl., stefnumótun í málefnum barna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., stefnumótun í málefnum barna og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn ítrekar mikilvægi þess að innleiðingarferli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fái rými og fjármögnun við fjárhagsáætlunargerð á komandi hausti. Enda búið að samþykkja innleiðingu sáttmálans í bæjarstjórn fyrr á þessu ári."

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., skýrslu um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016. Þá gerði Ingvar athugasemdir við að ekki hafi verið mættir varamenn á fundinn í forföllum aðalmanna

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., skýrslu um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016. Almar gerði grein fyrir ástæðum vegna forfalla nefndarmanna á fundinum.

Gunnar Einarsson, ræddi skýrslu um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016.

Fundargerðin er lögð fram.

### 4. 1903038F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/3 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., minjagarð á Hofsstöðum, 2. tl., þriðjudagsklassík 2019, 3. tl., jazzhátíð, 4. tl., samstarf við Wapp App um skráningu og birtingu gönguleiða, 5. tl., umsókn um styrk til píanónáms, 7. tl., verkefni menningar- og safnanefndar og nefndi í því sambandi undirbúning að gerð nýs samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um starfsemi Hönnunarsafn Íslands.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., jazzhátíð Garðabæjar og 4. tl., samstarf við Wapp App um skráningu og birtingu gönguleiða

Fundargerðin er lögð fram.

### 5. 1903052F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/3 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

**6. 1903007F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 19/3 ´19.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., úthlutun styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla og 2. tl., umsókn um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi við Barnaskóla Hjallstefnunnar á Vífilsstöðum. Sara Dögg lagði fram svohljóðandi bókun:

„Garðabæjarlistinn fagnar stuðningi við fyrirhugaðan vöxt Hjallastefnunnar við grunnskólann þar sem áform eru um að vaxa upp á miðstigið með von um að áformin verði farsæl því valfrelsið skiptir máli."

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 3. tl., úthlutun styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla.

Björg Fenger, ræddi 3. tl., úthlutun styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., umsókn um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi við Barnaskóla Hjallstefnunnar á Vífilsstöðum og 3. tl., úthlutun styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla.

Fundargerðin er lögð fram.

**7. 1903033F - Fundargerð öldungaráðs frá 20/3 ´19.**

Almar Guðmundsson, ræddi fyrsta fund öldungaráðs og fjallaði um verkefni ráðsins.

Guðfinnur Sigurvinsson, fagnaði skipun öldungaráðs og ræddi málefni eldri borgara.

Fundargerðin er lögð fram.

**8. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/3 ´19.**

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., starfslok Guðmundar Einarsson, og þakkaði honum gott samstarf í starfi framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins til 35 ára.

Fundargerðin er lögð fram.

**9. 1901316 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 29/3 ´19.**

Fundargerðin er lögð fram.

**10. 1904035 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 22/3 ´19.**

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., kynningu á nýju deiliskipulagi fyrir Hafnarfjarðarveg í tengslum við endurbætur á gatnamótum við Vífilsstaðaveg og Lyngás.

Kjartan Örn Sigurðsson, kvaddi sér hljóðs og hvatti til aukins samstarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu við ákvörðun vetrarleyfa í skólum.

Fundargerðin er lögð fram.

**11. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 27/2 ´19**

Fundargerðin er lögð fram.

**12. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 15/3 ´19.**

Björg Fenger, ræddi 3. tl., áhættugreiningu og 5. tl. önnur mál – fund með hagsmunaaðilum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Gunnar Einarsson, ræddi 4. tl., akstursþjónustu fatlaðs fólks og gerði grein fyrir stöðu málsins.

Fundargerðin er lögð fram.

**13. 1904054 - Tillaga Garðabæjarlistans um aukið gagnsæi við framkvæmdir verkefna.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að birta stöðu verkefna sem eru í framkvæmdaferli með tímaás á heimasíðu Garðabæjar."

Greinagerð
Með þessari aðgerð auðveldar Garðabær íbúum að afla sér upplýsinga um þau verkefni sem eru í framkvæmd. Aukið upplýsingaflæði og gagnsærri stjórnsýsla er ærið verkefni. Að gera verkáætlanir sýnilegar og framgang verkefna gerir íbúa meðvitaðari um þau verkefni sem eru á hendi sveitarfélagsins en um leið veitir markviss gagnsæ upplýsingagjöf stjórnsýslunni mikilvægt aðhald og styður við agaða stjórnsýslu. Þegar farið er með opinbert fé er mikilvægt að halda upplýsinum að skattgreiðendum þ.e. íbúunum sjálfum.

Gunnar Einarsson, ræddi framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju framlagða tillögu.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi framlagða tillögu.

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju framlagða tillögu og lagði til að vísa tillögunni til bæjarstjóra.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju framlagða tillögu.

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju framlagða tillögu.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi framlagða tillögu.

Ingvar Arnarson, ræddi framlagða tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögunni til bæjarstjóra.

**14. 1904052 - Tillaga Garðabæjarlistans um forvarnarnámskeið gegn kvíða.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagð fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn felur fræðslusviði að skoða mögulegar leiðir til þess að bjóða upp á viðurkennda fjarþjónustu í forvarnarskyni á unglingastigi í formi forvarnarnámskeiða gegn kvíða fyrir ungmenni. Að í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 verði gert ráð 1,5 mkr. í formi styrkjar til þróunarvinnu og aðlögun námskeiðs að hluta og niðurgreiðslu námskeiðs fyrir aldurshópinn 14-16 ára eða unglingastig grunnskólans í gegnum fjarþjónustu."

Greinagerð
Tillagan er viðbragð við niðurstöðu könnunar Rannsóknar og greiningar um vaxandi kvíðaeinkenna meðal ungmenna í Garðabæ, sérstaklega meðal stúlkna með því að auðvelda aðgengi allra ungmenna að fyrstu hjálp vegna líðan.
Að auðvelda aðgengi að fyrstu hjálp getur skipt sköpum og í því falist mikið forvarnargildi. Því væri afar metnaðarfullt að fara af stað með tilraunarverkefni þar sem vaxandi kvíði er að mælast hjá t.d. stúlkum í Garðabæ. Það væri afar ábyrgt af bæjarstjórn að bregðast hratt við og auðvelda aðgengi að fyrstu hjálp og sjá hvaða áhrif það hefur. En fyrsta hjálp er talin gríðarlega mikilvæg sem inngrip til þess að koma í veg fyrir alvarlegri vanda og þróun á einkennum sem mögulega er hægt að koma í veg fyrir. Almennt er kallað eftir frekari úrræðum í formi fyrstu hjálpar eins og það er kallað til þess einmitt að sporna við alvarlegri vanda sem oft verður raunin þegar ekkert er að gert. En eins og greint hefur verið frá ber á vaxandi einkennum á þunglyndi og kvíða meðal ungmenna í Garðabæ en meðal ungmennanna í 9. og 10. bekk greina 9,11% stúlkna frá þunglyndiseinkennum og 5% drengja.
3,52% stúlkna greina frá kvíðaeinkennum og 1,48% drengja. 20% stúlknanna skora hæst á kvíðakvarðanum.

Fjarþjónusta er fyrir margt mjög snjöll leið og góð viðbót við þá stoðþjónustu sem boðið er upp á í dag. Það sem gerir hana eftirsóknaverða eru m.a. þeir þættir sem hún hefur bein áhrif á sem eru, tímasparnaður, minni kostnaður og auðveldara aðgengi fyrir t.d ungt fólk til þess að leita sér aðstoðar þegar á þarf að halda.

Björg Fenger, ræddi framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framlagða tillögu.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi framlagða tillögu.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi framlagða tillögu.

Gunnar Einarsson, ræddi framlagða tillögu og lagði til að vísa tillögunni til fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögunni til fjárhagsáætlunar 2020

**15. 1806461 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.**

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 500.000.000.

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir hér með á bæjarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 500.000.000 með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bæjarstjórn hefur kynnt sér. Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar) standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu grunnskóla í Urriðaholti og viðbyggingu við grunnskóla á Álftanesi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns."

*Afgreiðsla mála.*
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 500.000.000, fimmhundruðmilljónirkróna.

**16. 1811129 - Ársreikningur Garðabæjar 2018 (síðari umræða).**

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og ræddi niðurstöður ársreiknings. Bæjarstjóri lagði til við bæjarstjórn að samþykkja ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2018.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls um ársreikning og lýsti ánægju með niðurstöðu reikningsins sem sýnir trausta fjárhagstöðu bæjarins. Gunnar Valur færði starfsfólki bæjarins þakkir fyrir þeirra þátt í góðum og traustum rekstri Garðabæjar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða við síðari umræðu ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2018 samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011, sbr. 2. tl. 1. mgr. 18. gr. laganna.

Samþykktinni til staðfestingar er ársreikningurinn undirritaður af bæjarfulltrúum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 4. apríl 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Kjartan Örn Sigurðsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**14. (1875). fundur 2019**

Þriðjudaginn 9. apríl 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1904004 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur - iðnaður og önnur landfrek starfsemi, Esjumelar, dags. 29.03.19.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

2. **1704011 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Holtstún.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Holtstún á Álftanesi samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
   Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu.

   Lágmarkshæðarkóti hækkar úr 4,0 m.y.s. í 4,2 m.y.s.
   Hliðrun er gerð á aðkomu Asparvíkur að beiðni landeigenda.

   Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

3. **1901103 - Viðgerðir og yfirlagnir gatna og stíga í Garðabæ 2019 - opnun tilboða.**
   Lögð er fram eftirfarandi tilboð sem hafa verið yfirfarin.

| | |
|---|---|
| Malbikunarstöðin Höfði | kr. 84.619.080 |
| Loftorka Reykjavík | kr. 77.581.812 |
| Malbik og völtun | kr. 88.203.500 |
| Hlaðbær Colas | kr. 90.976.704 |

   Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Loftorku Reykjavík hf., með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

4. **1904058 - Bréf JÁS lögmanna varðandi Hrauntungu við Álftanesveg, dags. 28.03.19.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til skipulagsnefndar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfritara og árétta kvöð sem fram kemur í 2. gr. lóðarleigusamnings um að landið er leigt leigutaka til byggingar íbúðarhúss og til skógræktar. Í ákvæðinu kemur einnig fram að leigutaka er óheimilt að leyfa öðrum einstaklingum, stofnunum eða félögum að reisa byggingar á landinu eða gera önnur mannvirki á því. Þá er mælt fyrir um í 4. gr. lóðarleigusamnings að leigutaka sé óheimilt að framselja, framleigja eða láta af hendi á annan hátt til einstaklinga, stofnana eða félaga hluta af landinu án samþykkis leigusala. Það hefur því ávallt legið skýrt fyrir að samkvæmt gildandi skipulagi er áhersla á að skilgreina svæðið sem skógræktar- og náttúrulegt hraunsvæði, sbr. 5. gr. lóðarleigusamnings.

5. **1904073 - Yfirlýsing Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna lífskjarasamninga 2019 - 2022.**
   Lögð fram til kynningar.

6. **1904074 - Tilkynning frá forsætisráðuneytinu um aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings lífskjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.**
   Lögð fram til kynningar.

7. **1904077 - Áskorun NPA miðstöðvarinnar til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglugerðar um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, dags. 29.03.19.**
   Lögð fram og vísað til kynningar í fjölskylduráði og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

8. **1711130 - Bréf Þjóðskjalasafns varðandi tilmæli um skjalavörslu og skjalastjórn Garðabæjar, dags. 27.03.19.**
   Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna að úrbótum vegna athugasemda og ábendinga Þjóðskjalsafns Íslands um aðgerðir til bæta skjalavörslu og skjalstjórn.

9. **1802322 - Samningur við Hestamannafélagið Sóta um byggingu reiðskemmu.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samning við Hestamannafélagið Sóta um styrk til byggingar reiðskemmu á svæði félagsins.

10. **1904068 - Laun í Vinnuskóla Garðabæjar 2019.**
    Lagt fram minnisblað vegna launa í vinnuskóla Garðabæjar 2019.

    Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tillögu um laun og vinnutíma í vinnuskóla sumarið 2019.

| | |
|---|---|
| Unglingar 14 ára (f.2005) 30% af lfl 116 | kr. 533 pr.klst. 3,5 klst á dag mán-fös. |
| Unglingar 15 ára (f.2004) 40% af lfl 116 | kr. 711 pr.klst. 6,0 klst á dag mán-fim 3,5 klst á fös. |
| Unglingar 16 ára (f.2003) 50% af lfl 116 | kr. 888 pr.klst. 6,0 klst á dag mán-fim 3,5 klst á fös. |

Heildarlaunakostnaður er áætlaður 35,3 mkr.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 9. apríl 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**15. (1876). fundur 2019**

Þriðjudaginn 16. apríl 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1902222 - Uppbygging í Vetrarmýri - kynning á stöðu verkefnis.**
Á fund bæjarráðs mættu Anna Sigríður Arnardóttir og Gísli Reynisson, starfsmenn Spildu ehf. og gerðu grein fyrir stöðumati á þarfa- og kostgæfnigreiningu vegna uppbyggingar byggðar í Vetramýri.

   Harpa Þorsteinsdóttir og Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúar sátu fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

2. **1808089 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að veita Veitum ohf. og tækni- og umhverfissviði Garðabæjar framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar lagna og yfirborðs gatna í Norðurtúni og Túngötu.

3. **1903017 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávik frá skipulagi vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 2.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þar sem vikið er óverulega frá bundinni byggingarlínu við byggingu verslunar- og þjónustuhúss við Urriðaholtsstræti 2. Um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. **1904108 - Framlög til stjórnmálasamtaka 2019**
Bæjarráð samþykkir eftirfarandi skiptingu á greiðslu til stjórnmálasamtaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.

| | |
|---|---|
| Sjálfstæðisflokkur | kr. 2.239.009 |
| Garðabæjarlistinn | kr. 1.015.653 |
| Miðflokkur | kr. 245.338 |
| Samtals: | kr. 3.500.000 |

5. **1806461 - Úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.**
Bæjarráð samþykkir að úthluta eftirfarandi aðilum styrk af fjárveitingu til styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.

| | |
|---|---|
| Garðálfar , kór eldri borgra á Álftanesi | kr. 300.000 |
| Kvennaráðgjöfin | kr. 100.000 |
| Bjarkahlíð-miðstöð fyrir þolendur ofbeldis | kr. 200.000 |
| Stígamót | kr. 150.000 |

| | |
|---|---|
| Garðakórinn | kr. 350.000 |
| Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi | kr. 100.000 |
| Samtök um kvennaathvarf | kr. 400.000 |
| Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu | kr. 100.000 |
| Félag eldri borgara í Garðabæ | kr. 400.000 |
| Sjónarhóll, ráðgjafamiðstöð ses. | kr. 150.000 |

6. **1904228 - Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um vorþing sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 2019, dags. 12.04.19.**
   Lögð fram.

7. **1904205 - Bréf Sorpu bs. varðandi ársreikning 2018, dags. 03.04.19.**
   Lagt fram.

8. **1904111 - Ársreikningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2018.**
   Lagður fram

9. **1904110 - Ársreikningur heilbrigðiseftirlits 2018.**
   Lagður fram.

10. **1904132 - Bréf Brynju Hússjóðs ÖBÍ varðandi umsókn um stofnframlög árið 2019, dags. 27.03.19.**
    Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfritara en samkvæmt fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2019 er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til stofnframlaga vegna kaupa á almennum íbúðum.

11. **1904137 - Bréf Sjónarhóls ráðgjafamiðstöðvar ses. um styrk, dags. 08.04.19.**
    Sjá afgreiðslu við úthlutun styrkja samkvæmt dagskrárlið 5.

12. **1904143 - Tilkynning frá Umhverfisstofnun varðandi auglýsingu á tillögu um starfsleyfi fyrir Sorpu bs., dags. 08.04.19.**
    Lögð fram.

13. **1710153 - Tilkynning um skýrslu afmælisnefndar sjálfstæðis og fullveldis Íslands, dags. 09.04.19.**
    Lögð fram.

14. **1904134 - Bréf Samgöngustofu varðandi beiðni um umsögn vegna staðsetningar ökutækjaleigu (Hegranes 21), dags. 04.04.19.**
    Afgreiðslu frestað.

15. **1904213 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, dags. 11.04.19.**
    Lagt fram.

16. **1904230 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um lýðskóla, 798. mál., dags. 12.04.19.**
    Lagt fram.

17. **1904214 - Tölvupóstur Árna Bjarnsteinssonar varðandi sumarlaun vegna þátttöku í olympíuleikjum í stærðfræði, dags. 11.04.19.**
Bæjarráð samþykkir að verða við erindi bréfritara um að greiða honum sumarlaun 2019 vegna undirbúnings fyrir þátttöku í olympíuleikjunum í stærðfræði.

18. **1902217 - Svar við fyrirspurn um fréttastefnu.**
Lagt fram svar við fyrirspurn um fréttastefnu.

19. **1904231 - Afgreiðsla leikskólanefndar varðandi úthlutun úr þróunarsjóði leikskóla.**
Lögð fram afgreiðsla leikskólanefndar um úthlutun úr þróunarsjóði leikskóla. Leikskólanefnd hefur fjallað um allar umsóknir sem bárust og leggur til að úthlutað verði kr. 8.000.000 úr sjóðnum til 13 verkefna. Bæjarráð staðfestir tillögur leikskólanefndar um úthlutun styrkja, sbr. 4. gr. reglna um þróunarsjóð leikskóla.

20. **1810028 - Lýðræðisverkefnið - reglur um rafrænar kosningar.**
Bæjarráð samþykkir leiðbeiningareglur um rafrænar kosningar þar sem íbúar fá tækifæri til að kjósa um fjárveitingar til verkefna sem farið verður í á árunum 2019 og 2020.

21. **1809050 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru á útgáfu byggingarleyfis einbýlishúss að Brúnási 12.**
Bæjarráð vísar málinu til nýrrar meðferðar byggingarfulltrúa.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 16. apríl 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**16. (1877). fundur 2019**

Þriðjudaginn 30. apríl 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir varamaður, Björg Fenger varamaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1903374 - Afgreiðsla skipulagsnefndar um lýsingu varðandi breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna breytinga á Norðurnesi Álftaness.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um gerð lýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir svæði á Norðurnesi Álftaness, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagnar hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum ásamt því að kynna hana almenningi.

2. **1710083 - Afgreiðslu skipulagsnefndar um tillögu varðandi breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda varðandi byggð á Lyngássvæði.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda er nær til svæðis sem afmarkast af Lyngási til norður, Ásabraut til vesturs og suðurs og Stórási til austurs.

3. **1606034 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögur að skipulagsáætlun í tengslum við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi.**
   Lögð fram.

4. **1902117 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi nýtt deiliskipulag fyrir Hafnarfjarðarveg.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Hafnarfjarðarveg samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
   Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

   Að kveðið verði á um það í skilmálum að útfærð verði hraðatakmarkandi lausn til að draga ú hraða þeirra ökutækja sem beygja inn og út úr Lyngási.
   Að hljóðvegg við gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Lyngáss að norðanverðu verði breytt á uppdrætti til að bæta sýn fyrir hjólreiðamenn.

   Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

5. **1305618 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Vífilsstaðaveg og Bæjarbraut.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Vífilsstaðaveg og Bæjarbraut samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum. Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

6. **1711133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

7. **1711137 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

8. **1711136 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

9. **1711135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar (neðsta svæði -III).**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar - neðsta svæði. (svæði III) samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

10. **1711132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varpandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hörgatúns 2.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Hörgtúns 2 samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

11. **1903082 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi kynningu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs sem gerir ráð fyrir nýjum stígum sunnan lóða við Hraunhóla verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

12. **1809189 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi kynningu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns sem gerir m.a. gerir ráð fyrir nýrri lóð við Garðahraun 1, hækkun nýtingahlutfalls o.fl. verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á almennum fundi, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13. **1804300 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögur Vegagerðarinnar um sjóvarnir.**
Lögð fram.

14. **1804199 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu um grenndarkynningu á óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Arnarness í tilefni umsóknar lóðareiganda að Blikanesi 14 um byggingu utan byggingarreits. 2, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

15. **1808087 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir færslu Vetrarbrautar o.fl.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir færslu Vetrarbrautar og landmótunar vegna fyrirhugaðrar byggingar fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

16. **1904227 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu um genndarkynningu á óverulegri breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Akrahverfis í tilefni umsóknar lóðareiganda að Skeiðakri 7 um byggingu utan byggingarreits. 2, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

17. **1709349 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu um grenndarkynningu umsóknar um byggingarleyfi viðbyggingar við Reynilund 11.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi við núverandi hús við Reynilund 11 verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

18. **1904248 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, 784. mál, dags. 12.04.19.**
Lagt fram.

19. **1904249 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES reglur, stjórnvaldssektir o.fl.) 775. mál., dags. 12.04.19.**
Lagt fram.

20. **1904250 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál., dags. 12.04.19.**
Lagt fram.

21. **1904251 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum o.fl. mál nr. 792, 791 og 782, dags. 12.04.19.**
Lagt fram.

22. **1904258 - Bréf Útgerðarfélagsins Álfar varðandi forkaupsrétt við sölu á fiskiskipi, dags. 15.04.19.**
Bæjarráð samþykkir leggja til við bæjarstjórn að samþykkja að falla frá forkaupsrétti vegna sölu á mb. Álfi SH 414 sknr 2830.

23. **1811105 - Úrskurður kærunefndar útboðsmála í máli Sporthallarinnar gegn Garðabæ og Laugum ehf., dags. 15.04.19.**
Lagður fram.

24. **1809352 - Úrskurður kærunefndar útboðsmála í máli Garðlistar ehf. gegn Garðabæ og Íslenska Gámafélaginu, dags. 15.04.19.**
Lagður fram.

25. **1904077 - Bréf (afrit) Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, dags. 15.04.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í fjölskylduráði.

26. **1902036 - Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi uppgjör Hjallastefnunnar við Brú - lífeyrissjóð, dags. 16.04.19.**
Lagt fram.

27. **1904130 - Ársreikningur 19. júní-sjóðs fyrir árið 2018.**
Lagður fram.

28. **1904290 - Bréf Reiðveganefndar Spretts varðandi reiðveg með Elliðavatnsvegi um Urriðaholt, dags. 20.04.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

29. **1805169 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð, dags. 23.04.19.**
Bæjarráð vísar málinu til skipulagsnefndar.

30. **1902122 - Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga varðandi arðgreiðslu 2019, dags. 17.04.19.**
Lagt fram.

31. **1904318 - Bréf Plokk á Íslandi varðandi stuðning við hreinsunarverkefni innan sveitarfélagsins, ódags.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu umhverfisnefndar.

32. **1812195 - Drög að þjónustusamningi Áss styrktarfélags og Garðabæjar um sértæka búsetuþjónustu við Unnargrund.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn.

33. **1903338 - Bréf Þjóðskrár Íslands varðandi ágreining um gjaldstofn fasteignaskatts að Iðnbúð 5, dags. 12.04.19.**
Lagt fram.

34. **1904235 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um viðhald og viðbyggingu við Sjálandsskóla.**
Lagt fram svar við fyrirspurn.

35. **1904321 - Bréf Legopabbafélagsins varðandi húsnæði fyrir LEGO sýningu í Garðabæ, ódags.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar fræðslu- og menningarsviðs.

36. **1904320 - Opið hús á bæjarskrifstofum Garðabæjar.**
Bæjarstjóri upplýsti að á laugardaginn 4. maí nk. kl. 13-15 mun verða opið hús á bæjarskrifstofum Garðabæjar. Sviðsstjórar og aðrir starfsmenn munu taka á móti gestum, sýna húsakynnin og kynna dagleg störf á bæjarskrifstofunum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 30. apríl 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

**Íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar**
**9. fundur 2019**

Miðvikudaginn 10. apríl 2019 kl. 17:00 kom íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Ásgarði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Ómar R. Valdimarsson varamaður, Kári Jónsson íþróttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1903340 - Tillaga um um sundkort til ungmenna**

   ÍTG samþykkir að senda sérstaka hvatningu til ungmenna f.2001-2004 um að stunda skipulagt íþrótta- og tómstundastarf og að nýta sér Hvatapeninga.
   ÍTG bendir einnig á að öll börn 17 ára og yngri fá gjaldfrjálsan aðgang að sundlaugunum í Ásgarði og á Álftanesi.

2. **1902136 - Hvatapeningar 2018 nýting**

   Íþróttafulltrúi lagði fram yfirlit yfir nýtingu árganga og aldurshópa á Hvatapeningum síðustu 5 árin. Ljóst er að fleiri eru að nýta sér Hvatapeninga eftir að þeir hækkuðu í 50.000,- kr. en mjög dregur úr nýtingu aldurshópa eftir 15 ára aldur og minnst er hún hjá þeim sem eru 18 ára.

3. **1902056 - Tillaga um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem er í boði í Garðabæ.**

   Íþróttafulltrúa Garðabæjar sýndi samantekt á þátttöku 67 ára og eldri íbúa Garðabæjar í frístundastarfi innan bæjarmarkanna. ÍTG hvetur til þess að skráningu þátttakenda í hvers kyns frístundastarf verði bætt.

4. **1811205 - Forvarnarmál í Garðabæ**

   Tómstunda- og forvarnarfulltrúi Garðabæjar lagði fram samantekt af forvarnar- og kostnaðaráætlunum grunnskólanna fyrir veturinn 2018-2019.

5. **1904130 - 19. júnísjóður uppgjör 2018 og úthlutun 2019**

   Skrifað var upp á ársreikning sjóðsins sem nú getur úthlutað 460.000,- kr. þetta árið. Auglýst verður eftir umsóknum í sjóðinn á næstu dögum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Leikskólanefnd Garðabæjar**
**7. fundur 2019**

Fimmtudaginn 11. apríl 2019 kl. 08:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, Gyða Dan Johansen varamaður, Andrea Róbertsdóttir varamaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1903432 - Þróunarsjóður leikskóla - Heilsa, hreysti og vellíðan fyrir börn, starfsfólk og foreldra**
2. **1903431 - Þróunarsjóður leikskóla - Að kenna stærðfræði í gegnum leik úti og inni**
3. **1904013 - Þróunarsjóður leikskóla - Sköpunarrými (makerspaces) með áherslu á VÍSINDI**
4. **1904014 - Þróunarsjóður leikskóla - Tökum skrefin saman - yngstu börn leikskólans**
5. **1904016 - Þróunarsjóður leikskóla - Fuglafræðingar á Bæjarbóli**
6. **1904020 - Þróunarsjóður leikskóla -Jóga fyrir alla**
7. **1904018 - Þróunarsjóður leikskóla - Tákn með tali - innleiðing í Urriðaholtsskóla**
8. **1904028 - Þróunarsjóður leikskóla - Heilstætt skólasamfélag**
9. **1904029 - Þróunarsjóður leikskóla - Vinátta verkefni Barnaheilla**
10. **1904030 - Þróunarsjóður leikskóla - Nýting mannauðs til náms í vinnustundum í samþættu og skapandi leikskólastarfi**
11. **1904032 - Þróunarsjóður leikskóla - Hreyfum okkur saman - höfum gaman**
12. **1904015 - Þróunarsjóður leikskóla - Leiklist í leikskólastarfi**
13. **1904042 - Þróunarsjóður leikskóla - Útikennsla**
14. **1904043 - Þróunarsjóður leikskóla - Skák í Urriðaholtsskóli**
15. **1904044 - Þróunarsjóður leikskóla - Starfsmenn í heilsueflandi leikskóla**
16. **1904046 - Þróunarsjóður leikskóla - Fjársjóðskistan**
17. **1904047 - Umsóknir í þróunarsjóð leikskóla / Stigagjöf**

    Teknar voru til umfjöllunar umsóknir í Þróunarsjóð leikskóla. Alls bárust 16 umsóknir upp á kr.12.085.400. Leikskólanefnd leggur til að veittur verði styrkur til 13 verkefna að upphæð kr. 8.000.000

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**
**10. fundur 2019**

Föstudaginn 12. apríl 2019 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar Seylan í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1901336 - Jazzhátíð Garðabæjar 2019**

   Upplýsingastjóri greindi frá undirbúningi við Jazzhátíð Garðabæjar sem verður haldin dagana 25.-27. apríl nk. Hátíðin hefst að kvöldi til Sumardaginn fyrsta og boðið verður upp á þrenna kvöldtónleika í Kirkjuhvoli en auk þess verða tvennir tónleikar að degi til á laugardeginum 27. apríl í Jónshúsi og Kirkjuhvoli.

2. **1901341 - Hvatningarsjóður ungra listamanna 2019**

   Auglýst var eftir umsóknum úr Hvatningarsjóði ungra listamanna í mars og apríl. Listi með umsóknum var lagður fram og ræddur. Umfjöllun verður haldið áfram á næsta fundi nefndarinnar.

3. **1904166 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2019**

   Auglýst var eftir ábendingum um tilnefningu til bæjarlistamanns Garðabæjar 2019 í mars og apríl. Listi með framkomnum ábendingum var lagður fram og ræddur. Umræðu verður haldið áfram á næsta fundi.

4. **1903332 - Menningaruppskeruhátíð 2019**

   Stefnt er að því að halda hina árlegu menningaruppskeruhátíð Garðabæjar miðvikudaginn 22. maí nk.í Sveinatungu. Á menningaruppskeruhátíðinni verður tilkynnt um val á bæjarlistamanni Garðabæjar og úthlutað úr Hvatningarsjóði ungra listamanna. Umræður voru um heiðursviðurkenningar til framlags menningar og lista.

5. **1902220 - Fræðslu- og sögugöngur 2019**

   Greint var frá fyrstu sögugöngu vorsins sem verður farin á Degi umhverfisins fimmtudaginn 25. apríl nk. sem í ár ber upp á Sumardaginn fyrsta. Gangan hefst kl. 11 þegar gengið verður umhverfis Urriðavatn undir leiðsögn Erlu Biljar Bjarnardóttur fyrrum umhverfisstjóra.

6. **1904167 - Leiklistarstarfssemi á Garðatorgi**

   Formaður greindi frá nýlegum fundi með Trausta Ólafssyni sem hefur f.h. leiksmiðjunnar Friggjar verið með afnot af sal á Garðatorgi fyrir leiklistarstarfsemi sl. vetur.
   Umræður voru um leiklistarstarfsemi í salnum. Umræðu verður haldið áfram á næsta fundi.

7. **1802205 - Snjallvæðing Garðabæjar**

   Bæjarráð fjallaði um minnisblað um snjallvæðingu Garðabæjar á fundi sínum 26. mars sl. Í minnisblaðinu er m.a. farið yfir að hvaða leyti Garðabær er nú þegar snjall og hvaða lausnir væri

hægt að skoða nánar með því markmiði að Garðabær verði snjall og tengdur bær. Þar er lagt til að settur verði af stað vinnuhópur til að fylgja málinu eftir og móta stefnu Garðabæjar um snjalllausnir sem verður lögð fyrir bæjarráð. Bæjarráð vísaði minnisblaðinu til umfjöllunar nefnda.

Lagt fram og rætt.

8. **1808275 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2018-2019**

Fyrirhugað samstarf við Bókasafn Garðabæjar um fyrirlestur í Sveinatungu í apríl frestast fram í maí en eftir er að fastsetja dagsetningu. Einnig var sagt frá hugmyndum bókasafnsins um fasta viðburði mánaðarlega í Sveinatungu næsta vetur.
Umræða var um kynningu á menningarstofnunum Garðabæjar með útgefnu viðburðadagatali.

Farið var yfir starfsáætlun og næsta fund nefndarinnar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**
**5. fundur 2019**

Fimmtudaginn 11. apríl 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Kjartan Örn Sigurðsson varamaður, Anna Lilja Johansen varamaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1811125 - Urriðaholt Austurhluti 2 - deiliskipulag**

   Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Urriðaholts austurhluta 2.
   Hrafnhildur Brynjólfsdóttir skipulagsfræðingur hjá Alta ehf gerði grein fyrir tillögunni fyrir hönd Urriðaholts ehf. Jón Pálmi Guðmundsson framkvæmdastjóri Urriðaholts ehf og Egill Guðmundsson arkitekt hjá Arkís og deiliskipulagshöfundur tillögnnar voru viðstaddir fundinn. Tillagan hefur verið unnin í samráði við tækni-og umhverfissvið á grundvelli verkefnislýsingar sem bæjarstjórn hefur samþykkt og hefur verið auglýst.
   Lagðar fram umsagnir sem borist hafa vegna lýsingarinnar.
   Tillagan gerir ráð fyrir um 188-200 íbúðareiningum í fjölbýli og 17.000-20.000 fermetrum atvinnuhúsnæðis. Landi hallar öllu til norðurs að Vífilsstaðahrauni.
   Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Halda skal almennan kynningarfund á meðan á forkynningu stendur.

2. **1903017 - Urriðaholtsstræti 2 -Umsókn um byggingarleyfi**

   Lagðir fram aðaluppdrættir verslunar og þjónusthúss að Urriðaholtsstræti 2. Egill Guðmundsson arkitekt hjá Arkís gerði grein fyrir tillögunni. Lóðarhafi sem er Urriðaholt ehf óskar heimild til að víkja frá ákvæðum deiliskipulags hvað varða kröfu um skyggni yfir 1.hæð að Urriðaholtsstræti, hvað varðar bundna byggingarlínu á austurhluta lóðar og vegna byggingarreits 4.hæðar.
   Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá um ræddum ákvæðum sbr.3.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

3. **1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.**

   Ráðgjafateymi kynnti tillögur að aðalskipulagsbreytingu þróunarsvæðis B sem verður sett fram sem rammahluti aðalskipulags. Jóhanna Helgadóttir skipulagsfræðingur hjá Eflu ehf gerði grein fyrir drögum að aðalskipulagsbreytingunni sem nær til þróunarsvæðis B, Sigurður Einarsson arkitekt hjá Batteríinu ehf gerði grein fyrir drögum

að deiliskipulagi Norðurhluta Hnoðraholts og Vetrarmýrar og Þráinn Hauksson landlagsarkitekt hjá Landslagi ehf gerði grein fyrir drögum að deiliskipulagi fyrir kirkjugarðssvæði og meðferðarstofnun í Rjúpnadal og á Vífilsstaðahálsi. Þráinn greindi einnig frá samráði við Umhverfisstofnun um breytingar á friðlandsmörkum við norðanvert Vífilsstaðavatn og hugmyndum um göngutengingar yfir Reykjanesbraut. Samráðsfundir hafa einnig verið haldnir með Vegagerðinni.
Skipulagsnefnd leggur til að drög að deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholts og drög að rammahluta aðalskipulags verði kynnt íbúum í Hnoðraholti á sérstökum fundi. Tillögum öllum vísað til áframhaldandi úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafateyminu og tækni-og umhverfissviði.

4. **1606034 - Hafnarfjarðarv/Vífilsstaðav. Endurbætur gatnamóta.**

Lagðar fram tillögur að endurbótum gatnamóta Hafnarfjarðarvega að lokinni auglysingu. 5 erindi með athugasemdum og 3 umsagnir hafa borist. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram.
Framlögðuum gögnum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

5. **1902117 - Hafnarfjarðarvegur, stofnbraut, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deilskipulagi stofnbrautarinnar Hafnarfjarðarvegur að lokini auglýsingu.
5 erindi með athugasemdum og 3 umsagnir hafa borist. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram.
Framlögðuum gögnum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

6. **1305618 - Vífilsstaðavegur og Bæjarbraut, deiliskipulag.**

Lagðar fram tillögur að deiliskipulags Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar.
5 erindi með athugasemdum og 3 umsagnir hafa borist. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram.
Framlögðuum gögnum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

7. **1711137 - Ásar og Grundir, dsk br., minnkun svæðis.**

Lagðar fram tillögur að breytingu deiliskipulags Ása-og Grunda sem gerir ráð fyrir breytingu á deiliskipulagsmörkum og öðru sem var nauðsynlegt að ráðast í til að laga deiliskipulagið að tillögum um endurbætur Hafnarfjarðarvegar.
5 erindi með athugasemdum og 3 umsagnir hafa borist. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram.
Framlögðuum gögnum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

8. **1711133 - Ásgarður, dsk breyting vegna hringtorgs**

Lagðar fram tillögur að breytingu deiliskipulags Ásgarðs sem gerir ráð fyrir breytingu á vegtengingum sem nauðsynegt er að ráðast í til að laga deiliskipulagið að tillögum um endurbætur Hafnarfjarðarvegar.
5 erindi með athugasemdum og 3 umsagnir hafa borist. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram.
Framlögðuum gögnum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

9. **1711136 - Hraunsholt eystra, dsk br, minnkun svæðis.**

Lagðar fram tillögur að breytingu deiliskipulags Ásgarðs sem gerir ráð fyrir breytingu á vegtengingum sem nauðsynegt er að ráðast í til að laga deiliskipulagið að tillögum um endurbætur Hafnarfjarðarvegar.
5 erindi með athugasemdum og 3 umsagnir hafa borist. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram.
Framlögðuum gögnum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

10. **1711135 - Miðbær, neðsta svæði (svæði III), dsk br minnkun svæðis**

Lagðar fram tillögur að breytingu deiliskipulags Ásgarðs sem gerir ráð fyrir breytingu á stærð deiliskipulagssvæðisins til að laga deiliskipulagið að tillögum um endurbætur Hafnarfjarðarvegar.
5 erindi með athugasemdum og 3 umsagnir hafa borist. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram.
Framlögðuum gögnum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

11. **1711132 - Hörgatún 2, dsk breyting vegna hringtorgs**

Lagðar fram tillögur að breytingu deiliskipulags Ásgarðs sem gerir ráð fyrir breytingu á vegtengingum og lóðarstærð sem nauðsynegt er að ráðast í til að laga deiliskipulagið að tillögum um endurbætur Hafnarfjarðarvegar.
5 erindi með athugasemdum og 3 umsagnir hafa borist. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram.
Framlögðuum gögnum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

12. **1808089 - Hönnun - Útboð -Norðurtún og Túngata**

Lögð fram umsókn bæjarverkfræðings um framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun lagna og yfirborðs í götunum Norðurtún og Túngata á Álftanesi.
Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og í samræmi við framlögð gögn.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**
**6. fundur 2019**

Föstudaginn 26. apríl 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes**

   Lögð fram tillaga að verkefnislýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi austan Norðurnesvegar frá landi Bessastaða og Akurgerðis.
   Drög að deiliskipulagi Álftaness kalla á aðalskipulagsbreytingar, m.a. vegna golfvallarhugmynda.
   Skipulagasnefnd samþykkir lýsinguna 1.mgr.30.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Auglýsa skal lýsinguna og senda hana umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun.

2. **1710083 - Lyngássvæði, deiliskipulag L1 og L2**

   Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem nær til 6,4 ha svæðis sem afmarkast af Lyngási til norðurs, Ásabraut til vesturs og suðurs og Stórási til austurs. Fyrir er á svæðinu athafna-og atvinnuhúsabyggð. Tillagan er sett fram í tillögu að nýju deiliskipulagi sem nær til svæðisins og um leið skulu felld út öll ákvæði sem gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir á viðkomandi svæði sem koma fram í skilmálum og á uppdrætti.
   Sigurður Einarsson arkitekt hjá Batteríinu sem unnið hefur tillöguna gerði grein fyrir tillögunni á fundinum.Tillagan er í samræmi við rammaskipulag Lyngássvæðis-og Hafnarfjarðarvegar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2017. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 en frekari breytingar á Þróunarsvæði A munu kalla á nánari útfærslur í aðalskipulagi. Skipulagsnefnd leggur til að ekki verði fleiri deiliskipulagsáætlunum vísað í ferli innan svæðisins fyrr en sett hefur verið fram tillaga að breytingu aðalskipulags sem rammahluti aðalskipulags sem nái til Þróunarsvæðis A.
   Tillagan gerir ráð fyrir því að á svæðinu rísi fjölbýlishúsabyggð frá 2 að 4 hæðum og að hámarksfjöldi íbúða verði 390, 280 við Nýgötu og 110 við Lyngás.
   Tillagan hefur verið forkynnt, m.a. á íbúafundi og fjöldi ábendinga barst sem unnið hefur verið úr.
   Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.41.greinar Skipulagslaga nr. 123/2010.

3. **1606034 - Hafnarfjarðarv/Vífilsstaðav. Endurbætur gatnamóta.**

Lagðar fram tillögur að 7 deiliskipulagsáætlunum sem tengjast endurbótum á Hafnarfjarðarvegi og Vífilsstaðavegi og gatnamótum við Lyngás/Lækjarás. (sjá fundarliði 4 til 10) Tillögunum er ætlað að vera grundvöllur fyrir bráðabirgðaendurbætum á Hafnarfjarðarvegi og gatnamótum við Vífilsstaðaveg og Lyngás/Lækjarás. Breytingar við gatnamót Vífilsstaðavegar og Litlatúns eru fyrirhugaðar til lengri tíma. Tillögurnar voru í auglýsingu frá 25.febrúar til 8.apríl. Athugasemdir og umsagnir lagðar fram auk draga að greinargerð þar sem athugasemdum er svarað.

4. **1902117 - Hafnarfjarðarvegur, stofnbraut, deiliskipulag**

Lagðar fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar sem gerir ráð fyrir bráðabirgðalagfæringum á stofnbrautinni ásamt tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar sem gerir ráð fyrir varanlegu útfærslum á umferðarkerfi. Lagðar fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi Hörgatúns 2, deiliskipulagi Ásgarðs, deiliskipulagi Miðbæjar neðsta svæðis,deiliskipulagi Hraunsholts eystra og deiliskipulagi Ása og Grunda sem tengjast allar endurbótum umferðarkerfisins, bæði varanlegum og til bráðabirgða.
Lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem borist hafa.
Lögð fram greinargerð með tillögum að svörum við athugasemdum.
Skipulagsnefnd leggur til eftirfarandi breytingar á tillögu að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar í kjölfar athugasemda sem borist hafa.
-Að kveðið verði á um það í skilmálum að útfærð verði hraðatakmarkandi lausn til að draga ú hraða þeirra ökutækja sem beygja inn og út úr Lyngási.
-Hljóðvegg við gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Lyngáss að norðanverðu verði breytt á uppdrætti til að bæta sýn fyrir hjólreiðamenn.
Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar með ofangreindum breytingum í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

5. **1305618 - Vífilsstaðavegur og Bæjarbraut, deiliskipulag.**

Lagðar fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar sem gerir ráð fyrir bráðabirgðalagfæringum á stofnbrautinni ásamt tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar sem gerir ráð fyrir varanlegu útfærslum á umferðarkerfi. Lagðar fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi Hörgatúns 2, deiliskipulagi Ásgarðs, deiliskipulagi Miðbæjar neðsta svæðis, deiliskipulagi Hraunsholts eystra og deiliskipulagi Ása og Grunda sem tengjast allar endurbótum umferðarkerfisins, bæði varanlegum og til bráðabirgða.
Lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem borist hafa.
Lögð fram greinargerð með tillögum að svörum við athugasemdum.
Athugasemdir kalla ekki á breytingar á tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar. Skipulagsnefnd beinir því til gatnahönnuða að við hönnun hringtorgs skuli eftir kostum reyna að minnka umfang hringtorgsins.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

6. **1711137 - Ásar og Grundir, dsk br., minnkun svæðis.**

Lagðar fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar sem gerir ráð fyrir bráðabirgðalagfæringum á stofnbrautinni ásamt tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar sem gerir ráð fyrir varanlegu útfærslum á

umferðarkerfi. Lagðar fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi Hörgatúns 2, deiliskipulagi Ásgarðs, deiliskipulagi Miðbæjar neðsta svæðis,deiliskipulagi Hraunsholts eystra og deiliskipulagi Ása og Grunda sem tengjast allar endurbótum umferðarkerfisins, bæði varanlegum og til bráðabirgða.
Lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem borist hafa.
Lögð fram greinargerð með tillögum að svörum við athugasemdum.
Athugasemdir kalla ekki á breytingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

7. **1711136 - Hraunsholt eystra, dsk br, minnkun svæðis.**

Lagðar fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar sem gerir ráð fyrir bráðabirgðalagfæringum á stofnbrautinni ásamt tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar sem gerir ráð fyrir varanlegu útfærslum á umferðarkerfi. Lagðar fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi Hörgatúns 2, deiliskipulagi Ásgarðs, deiliskipulagi Miðbæjar neðsta svæðis, deiliskipulagi Hraunsholts eystra og deiliskipulagi Ása og Grunda sem tengjast allar endurbótum umferðarkerfisins, bæði varanlegum og til bráðabirgða.
Lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem borist hafa.
Lögð fram greinargerð með tillögum að svörum við athugasemdum.
Athugasemdir kalla ekki á breytingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

8. **1711135 - Miðbær, neðsta svæði (svæði III), dsk br minnkun svæðis**

Lagðar fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar sem gerir ráð fyrir bráðabirgðalagfæringum á stofnbrautinni ásamt tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar sem gerir ráð fyrir varanlegu útfærslum á umferðarkerfi. Lagðar fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi Hörgatúns 2, deiliskipulagi Ásgarðs, deiliskipulagi Miðbæjar neðsta svæðis, deiliskipulagi Hraunsholts eystra og deiliskipulagi Ása og Grunda sem tengjast allar endurbótum umferðarkerfisins, bæði varanlegum og til bráðabirgða.
Lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem borist hafa.
Lögð fram greinargerð með tillögum að svörum við athugasemdum.
Athugasemdir kalla ekki á breytingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar neðsta svæðis.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar neðsta svæðis í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

9. **1711133 - Ásgarður, dsk breyting vegna hringtorgs**

Lagðar fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar sem gerir ráð fyrir bráðabirgðalagfæringum á stofnbrautinni ásamt tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar sem gerir ráð fyrir varanlegu útfærslum á umferðarkerfi. Lagðar fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi Hörgatúns 2, deiliskipulagi Ásgarðs, deiliskipulagi Miðbæjar neðsta svæðis, deiliskipulagi

Hraunsholts eystra og deiliskipulagi Ása og Grunda sem tengjast allar endurbótum umferðarkerfisins, bæði varanlegum og til bráðabirgða.
Lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem borist hafa.
Lögð fram greinargerð með tillögum að svörum við athugasemdum.
Athugasemdir kalla ekki á breytingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

**10. 1711132 - Hörgatún 2, dsk breyting vegna hringtorgs**

Lagðar fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi Hafnarfjarðarvegar sem gerir ráð fyrir bráðabirgðalagfæringum á stofnbrautinni ásamt tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar sem gerir ráð fyrir varanlegu útfærslum á umferðarkerfi. Lagðar fram tillögur að breytingum á deiliskipulagi Hörgatúns 2, deiliskipulagi Ásgarðs, deiliskipulagi Miðbæjar neðsta svæðis, deiliskipulagi Hraunsholts eystra og deiliskipulagi Ása og Grunda sem tengjast allar endurbótum umferðarkerfisins, bæði varanlegum og til bráðabirgða.
Lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem borist hafa.
Lögð fram greinargerð með tillögum að svörum við athugasemdum.
Athugasemdir kalla ekki á breytingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hörgatúns 2.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hörgatúns 2 í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

**11. 1710244 - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.**

Málinu frestað til næsta fundar.

**12. 1812022 - Garðahraun efra-Fólkvangur, deiliskipulag**

Málinu frestað til næsta fundar.

**13. 1903082 - Bæjargarður, stígakerfi, dsk breyting.**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs sem gerir ráð fyrir stígtengingu frá Engidal að Bæjargarði sunnan Hraunhóla. Tillögu vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.greinar Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi þann 6.maí næstkomandi.

**14. 1809189 - Molduhraun, endurskoðun deiliskipulags.**

Lögð fram tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi Molduhrauns. Tillaga gerir m.a. ráð fyrir breytingum á nýtingarhlutfalli sem breytist úr 0,6 í 0,8, á hámarki byggðum fleti úr 40 % í 50 % og ákvæð um bílastæði sem áður var 1 bílastæði á 50 m2 fyrir allt húsnæði. Nú er gert ráð fyrir 1 stæði á 50 m2 í atvinnuhúsnæði, 35 m2 á verslunar-og skrifstofuhúsnæði og 150 m2 á geymsluhúsnæði.
Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð, Garðahrauni 1 á áður óbyggðu svæði við bæjarmörk að Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir stækkunum á lóðunum Vesturhraun 1, 3 og 5.

Tillögu vísað til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.greinar Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan skal kynnt á almennum íbúafundi þann 6.maí næstkomandi.

**15. 1804300 - Álftanes sjóvarnir**

Lagðar fram tillögur Vegagerðarinnar að sjóvörnum við Lambhúsatjörn sunna

Bessastaða.
Tillögu vísað til umsagnar Umhverfisstofnunar og til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

**16. 1805161 - Haukanes 10 -Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit vegna svala á vesturhlið húss.
Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfunda. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**17. 1804199 - Blikanes 14 - DSK breyting - stækkun á byggingarreit**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir bílskúr á neðri hæð framan við núverandi hús. Tillaga þess efnis hefur áður verið grenndarkynnt þegar að ekki var deiliskipulag fyrir hendi. Framlögð tillaga er með bílageymslu sem er 1 metra breiðari og nær lóðarmörkum en fyrri tillaga.
Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum allra húsa í Blikanesi og Tjaldanesi 11 og 15.

**18. 1904227 - Skeiðakur 7, dsk breyting**

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akra sem nær til lóðarinnar Skeiðakur 7. Samkvæmt tillögu nær bygging út fyrir byggingarreit að vestan verðu og sunnanverðu.
Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega og vísar til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal íbúum og eigendum Skeiðakurs 5, 6 og 9, Sunnakurs 6, Kornakurs 8 og 10 og Jafnakurs 8.

**19. 1709349 - Reynilundur 11 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram tillaga að stækkun á bílageymslu til suðurs um 1,6 m. Samþykki eigenda Reynilunds 13 og 15 liggur fyrir en ekki númer 17. Þau hús eru í sömu raðhúsalengju.
Skipulagsnefnd vísar tillögunni til grenndarkynningar sem byggingarleyfisumsókn á svæði án gildandi deiliskipulags í samræmi við 44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010
Grenndarkynna skal íbúm og eigendum Reynilundar 9, 13, 15 og 17.

**20. 1704011 - Holtstún - deiliskipulag**

“Lagt fram bréf Skipulagstofnunar, dags.17.apríl 2019 þar sem gerð er athugasemd við að birt sé auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins þar sem í lýsingu á landnotkunarreitum 1.10.íb (Tjörn,Asparvík,Stekkur) og 1.11.íb (Eyvindarholt). Í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 kemur fram að svæðin séu “fullbyggð?.
Skipulagsstjóri gerir grein fyrir því að um mistök hafi verið að ræða við framsetningu texta í aðalskipulagi enda lengi legið fyrir að byggja skuli á viðkomandi landnotkunarflekum eins og deiliskipulagið gerir ráð fyrir. Í svari við athugasemd nr. 24. við afgreiðslu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 kemur skýrt fram að á umræddum landnotkunarreit er gert fyrir uppbyggingu og er það í samræmi við eldra aðalskipulag Sveitarfélagsins Álftaness og áform landeigenda.

Skipulagsnefnd felur tækni-og umhverfissviði að undirbúa breytingu á aðalskipulagi til að tryggja framgang tillögu að deiliskipulagi fyrir Holtstún.“

**21. 1903207 - Dalsbyggð 21 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Vísað til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**22. 1808087 - Framkvæmdir - Vífilshöllin - fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri**

Lögð fram umsókn bæjarverkfræðings fyrir framkvæmdaleyfi fyrir færslu á bráðabirgðavegi við Vetrarbraut, fyrir ferginga fyrir þeim vegi og fyrir stígum meðfram Vetrarbraut og umhverfis fyrirhugað fjölnota íþróttahús eins og breyting á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar gerir ráð fyrir.
Skipulagsnefnd veitir framkvæmdaleyfið í samræmi við 13.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 enda framkvæmdir í samræmi við nýlega staðfesta deiliskipulagbreytingu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**
**9. fundur 2019**

Miðvikudaginn 10. apríl 2019 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sjálandsskóla.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Sófus Gústavsson varamaður, Íris Kristina Óttarsdóttir fulltrúi foreldra, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra og Hilmar Þór Sigurjónsson fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1903001 - Skýrsla um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016**

   Lagt fram til kynningar. Skóladeild falið að skoða hvernig Garðabær sem sveitarfélag, stofnanir bæjarins og frjáls félagasamtök í bænum koma til móts við þá hópa barna sem teljast í viðkvæmri stöðu.

2. **1902276 - Stefnumótun í málefnum barna**

   Lagt fram til kynningar.

3. **1902212 - Tillaga um aukna upplýsingatækni í grunnskólum bæjarins**

   Rætt um kennslu í upplýsingatækni og aðkomu kennsluráðgjafa að þeirri vinnu. Skóladeild falið að fá kennsluráðgjafa í UT á fund nefndarinnar.

4. **1904097 - Ósk um breytingu á tímasetningum er varða skólabyrjun**

   Erindið tekið til umfjöllunar, rætt um kosti þess og galla að seinka skólagöngu. Skóladeild falið að skoða málið frekar eiga samtal við skólastjórnendur, nemendur og foreldra nemenda á unglingastigi.

5. **1904096 - Kynning og samtal við stjórnendur**

   Skólanefnd þakkar áhugaverða kynningu og fagnar því að fá tækifæri til að kynna sér skólastarfið með þessum hætti.

Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri Sjálandsskóla var gestur fundarins undir 5. lið þegar fram fór kynning á Sjálandsskóla.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks**
**1. fundur 2019**

Fimmtudaginn 21. mars 2019 kl. 09:00 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Elín Hoe Hinriksdóttir aðalmaður og Þorkell Jóhannsson aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Formaður setur fundinn
Farinn kynningarhringur í hópnum
Kynning á þjónustu fjölskylduviðs
Umræður um starf samráðshóps um málefni fatlaðs fólks

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1812089 - Kosning fulltrúa í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks**
   Erindisbréf samráðshópsins lesið upp fyrir fundarmenn.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**
**11. fundur 2019**

Miðvikudaginn 10. apríl 2019 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Eva Ósk Ármannsdóttir skjalastjóri, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1903084 - Tillaga um að efla vistvænar samgöngur og lýðheilsu starfsmanna Garðabæjar.**

   Tillagan rædd og umhverfisnefnd styður við að auka hlutdeild vistvæna samgöngumáta. Einnig er óskað eftir að fá kynningu frá Reykjavíkurborg um verkefnið þar sem rafhjól eru lánuð íbúum.

2. **1811057 - Umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2019**

   Umsókn í Framkvæmdsjóð ferðamannastaða um strandstíg á Álftanesi var synjað.

3. **1811108 - Fundargerðir 2018 - 2022 - Reykjanesfólkvangur**

   Fundagerð stjórnar Reykjanesfólkvangar frá 27. febrúar lögð fram.

4. **1903383 - Plastlaus september 2019**

   Umhverfisnefnd samþykkir að styrkja samtökin Plastlausan september um sambærilegan styrk og undanfarin ár.

5. **1902349 - Grár dagur - Átaksverkefni fyrir bættum loftgæðum**

   Verkefni Strætó um Gráa daga kynnt fyrir nefndinni. Umhverfisnefnd fagnar framtaki Strætó.

6. **1902096 - Samgönguvika 2019**

   Umræða um fyrirkomulag bíllausa dagsins og hvernig má gera honum hærra undir höfði en áður hefur verið og þróa daginn innan Garðabæjar.

7. **1902095 - Hreinsunarátak 2019**

   Hreinsunarátkið verður dagana 24. apríl - 7. maí og fer út auglýsinarbæklingur í lok vikunnar eða byrjun næstu viku. Vorhreinsun lóða verður dagana 13. - 24. maí og verður auglýst í sama bækling.

8. **1902185 - Spillivagninn**

   Spillivaginn mun vera í Garðabæ dagana 14. og 16. maí og verður það auglýst með í bæklingi um vorhreinsun 2019. Verkefnið með spillivaginn er tilraunarverkefni sem Reykjarvíkurborg fór fyrst í í fyrra og er að endurtaka núna. Garðabær vill auka flokkun og skil raftækja og spilliefna og tekur því þátt í tilraunarverkefni Reykjavíkurborgar með spillivagninn. Spillivagininum er ætlað að vekja athygli á nauðsyn þessa að koma spilliefnum í réttan farveg og auka við þjónustuna sem

endurvinnslustöðvarnar veita.

9. **1903331 - Samstarf Wapp og Garðabæjar um skráningu og birtingu gönguleiða**

   Umhverfisnefnd leggur til að samstarfi við Wappið verði haldið áfram og nýr samstarfssamningur verði gerður.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

## HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
## 245. fundur 29. apríl 2019

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 29. apríl 2019. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Þóru Daggar Jörundsdóttur og Harðar Þorsteinssonar, sem ritaði fundargerð.

*1. Starfsmannahald*

*1.1 Sumarstarfsfólk*

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að búið væri að ráða í sumarafleysingar. Ráðnir voru 3 sumarstarfsmenn sem hefja störf seinni partinn í maí. Þá var ráðinn einn sumarstarfsmaður í samstarfi við Framkvæmdaráð Hafnarfjarðarbæjar í verkefni í tenglum við rannsóknir og mælingar í lækjum og vötnum í sveitarfélaginu.

*2. Skiplagsmál*

*2.1.* **Umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulagsáætlunar fyrir Garðahraun efra, fólkvangur.**

Lagt fram erindi Sólveigu Helgu Jóhannsdóttur skipulagsfræðings f.h. Garðabæjar dagsett 15. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar um lýsingu á deiliskipulagstillögu fyrir friðland Garðahrauns.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

*2.1.* **Umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulagsáætlunar fyrir Gálgahraun og Garðahraun neðra, friðland og fólkvangur.**

Lagt fram erindi Sólveigu Helgu Jóhannsdóttur skipulagsfræðings f.h. Garðabæjar dagsett 15. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar um lýsingu á deiliskipulagstillögu fyrir friðland Gálgahrauns.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

*2.2.* **Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar, Golfvöllur GKG.**

Lagt fram erindi Sólveigu Helgu Jóhannsdóttur skipulaqgsfræðings f.h. Garðabæjar dagsett 25. apríl, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á breytingu á deiliskipulagi.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

*2.3.* **Umsögn til Skipulagsstofnun vegna Tinhellu 8, móttaka og vinnsla brotamálms.**

Lagt fram erindi frá Skiplagsstofnun frá 26. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar um hvort móttaka og vinnsla brotamála að Tinhellu 8 í Hafnarfirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum.
Heilbrigðisnefnd telur að áformuð starfsemi beri að fara í mat á umhverfisáhrifum.

## 3. Starfsleyfi

### Garðabær

*3.1. Engimýri 9, Garðabær – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Geirþrúðar Alfreðsdóttur, f.h. Ketla ehf., kt. 550312-0420, dags. 15.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til pökkunar og dreifingar á káli í vatnsbaði að Engimýri 9, Garðabæ.
Ný starfsemi.
Samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar, 2016-2030, er starfsemin á íbúðarsvæði.
Afgreiðslu starfsleyfis frestað þar til frekari gögn liggja fyrir.

*3.2. Lyngás 11, Garðabær – bónstöð*

Lögð fram umsókn Twana Ahmad, f.h. Bónstöðvar Garðabæjar ehf., kt. 640818-0850, dags. 03.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Lyngási 11, Garðabæ.
Yfirtaka starfsleyfis.
Fyrir liggur minnisblað dags. 16.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar, 2016-2030, er starfsemin á íbúðarsvæði.
Með vísun til ákvæða reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er starfsleyfi samþykkt til 26.08.2022.

### Hafnarfjörður

*3.3. Álfaskeið 56, Hafnarfjörður – gisting*

Lögð fram umsókn Sigurjóns Ólafssonar, f.h. Kvikur ehf., kt. 470984-0239, dags. 19.03.2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir minna gistiheimili að Álfaskeiði 56, Hafnarfirði.
Fastanúmer: F2072819. Endurnýjun.
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á íbúðarsvæði.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 3.04.2019. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 4.04.2019.
Bréf sent umsækjanda, upplýsingar um svar byggingafulltrúa dags. 8.04.2019.
Ekki liggur fyrir að húsnæði, hafi hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun húsnæðisins og málinu því frestað.

*3.4. Bæjarhraun 26, Hafnarfjörður – skemmtistaður*

Lögð fram umsókn Gitana Cicinskiene f.h. 221 ehf., kt. 500310-1030, dags. 23.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skemmtistaðar að Bæjarhrauni 26, Hafnarfirði.
Húshluti.: 2241737. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 23.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar, 2013-2025, er starfsemin á athafnasvæði.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

*3.5. Fífuvellir 28, Hafnarfjörður - veitingavagn*

Lögð fram umsókn Arnars Þórs Ragnarssonar, f.h. F&C ehf., kt. 600215-1160, dags. 26.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingavagns, lögheimili að Fífuvöllum 28, Hafnarfirði. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.



SMG

*3.6. Gauksás 45, Hafnarfjörður – innflutningur matvæla*

Lögð fram umsókn Aðalsteins Arnarssonar, f.h. Pegá ehf., kt. 410604-4420, dags. 27.03.2019 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimil starfseminnar er að Gauksás 45, Hafnarfirði en lagerrými er í Klíníkin Ármúla. Ný starfsemi.
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er lögheimilið á íbúðarsvæði.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um að sá hluti starfseminnar sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna.

*3.7. Lindarberg 70, Hafnarfjörður – daggæsla*

Lögð fram umsókn Hjördísar Arnbjörnsdóttur, kt. 061166-3199, dags. 11.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu í heimahúsi fyrir allt að 10 börn að Lindarbergi 70, Hafnarfirði.
Fastanúmer: 2215057.
Ný starfsemi.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 17.04.2019.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á íbúðarsvæði.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar.

*3.8. Selhella 13, Hafnarfjörður – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sigurðar R. Guðmundssonar, f.h. Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf., kt. 541210-0400, dags. 8.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til átöppunar og dreifingu á vatni í neytendaumbúðir og heildverslunar með matvörur að Selhellu 13, Hafnarfirði. Fastanúmer: 230-6815.
Umsóknin er endurnýjun á núverandi starfsemi.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 08.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á athafnasvæði.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs.

*3.9. Steinhella 5, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Árna Rúnarssonar, f.h. Aðalbílar ehf., kt. 600516-1320, dags. 2.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til rekstur bifreiðaverkstæðis að Steinhellu 5, Hafnarfirði, Fastanúmer:228-6442.
Um nýja starfsemi er að ræða.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 8.04.2019.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 2.04.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 5.04.2019 en samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á iðnaðarsvæði..
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með starfsleyfi til 12 ára.

*3.10. Trönuhraun 6, Hafnarfjörður – snyrtistofa og húðflúr*

Lögð fram umsókn Birnu Óskar Þórisdóttur, f.h. Snyrtihornið Mist ehf., kt. 580319-0920, dags. 10.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til rekstur snyrtistofu með húðflúr að Trönuhrauni 6, Hafnarfirði. Fastanúmer: 223-5886.
Um nýja starfsemi er að ræða.
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á athafnasvæði (Ho(DII)).



SMG

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.01.2030 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

*3.11. Trönuhraun 7, Hafnarfjörður – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Guðríðar H. Baldursdóttur, f.h. Smarter Living ehf., kt. 510319-1410, dags. 26.03.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir viðbót við starfsemi Þrjár á priki., kt. 650415-1160 að Trönuhraun 7, Hafnarfirði. Viðbót við starfsemi. Tímabundið leyfi var gefið út fyrir tímabilið 11.04.2019 – 01.06.2019.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 09.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er starfsemin á athafnasvæði.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 30.08.2027.

## Kópavogur

*3.12. Ásakór 1, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Kusse Soka Gignarta, kt. 200778-2199, f.h. Jebena coffee, dags. 25.03.2019, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimil starfseminnar er að Ásakór 1, Kópavogi en vörudreifing frá vöruhúsi Eimskipa. Um nýja starfsemi er að ræða.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á íbúðarsvæði (Ma(DII)).
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að sá hluti starfseminnar sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna.

*3.13. Fellahvarf 28, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Ágústs F. Hallssonar, f.h. Mækæ ehf., kt. 640818-0340, dags. 09.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimil starfseminnar er að Fellahvarfi 28, Kópavogi en vörudreifing frá vöruhúsi Eimskipa.
Um nýja starfsemi er að ræða.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á íbúðarsvæði (Ma(DII)).
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um að sá hluti starfseminnar sem er í íbúðargötu valdi ekki óþægindum fyrir nágranna.

*3.14. Hagasmári 1, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Þorvarðar Þórðarsonar, f.h. db-dreifing ehf., kt. 531117-0420, dags. 22.03.2019, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Hagasmára 1, Kópavogi.
Um nýja starfsemi er að ræða.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 16.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á verslunar- og þjónustusvæði (Ma(DII).
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og fullnægjandi úrbótum sé lokið.

*3.15. Hjallabrekka 2, Kópavogur – veislueldhús*

Lögð fram umsókn Bjarna S. Jakobssonar, f.h. Reykjavík Gastronomy ehf., kt. 620517-0380, dags. 15.04.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir veislueldhúsi að Hjallabrekku 2, Kópavogi.

Um nýja starfsemi er að ræða.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.04.2019 og fyrir liggja teikningar dags. 17.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á verslunar- og þjónustusvæði (Ma(DII).
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

*3.16. Laufbrekka 30, Kópavogur – matvæla framleiðsla*

Lögð fram umsókn Reynis Hafþórs Reynissonar, f.h. Aðalfélagið ehf., kt. 570914-0490, dags. 12.04.2019, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu og dreifingu matvæla að Laufbrekku 30, Kópavogi.
Um nýja starfsemi er að ræða.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 23.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafna- og þróunarsvæði (Ma(DII)).
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

*3.17. Skemmuvegur 14, Kópavogur – vinnsla matvæla*

Lögð fram umsókn Kára P. Ólafssonar, f.h. Reykofninn ehf., kt. 540379-0259, dags. 22.03.2019, þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfis vegna útflutnings að Skemmuvegi 14, Kópavogi.
Um er að ræða breytingu á starfsemi.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 25.02.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafnasvæði (Ma(CII)Me(CII)).
Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

*3.18. Skjólbraut 11, Kópavogur – niðurrif*

Lögð fram umsókn Hannesar Ingólfssonar, f.h. Tréfag ehf., kt. 580291-1129, dags. 27.03.2019, sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Skjólbraut 11, Kópavogi. Um tímabundna starfsemi er að ræða.
Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit staðfestir heilbrigðisnefnd starfleyfi til niðurrifs til 1. júní 2019 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

*3.19. Smiðjuvegur 2, Kópavogur – matvöruverslun*

Lögð fram umsókn Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar, f.h. SUPER1/Ísborg verslanir ehf., kt. 550818-2050, dags. 26.03.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Smiðjuvegi 2, Kópavogi.
Um er að ræða nýja starfsemi.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 4.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafnasvæði (Ma(CII).
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

SMG

*3.20. Smiðjuvegur 6, Kópavogur – matvöruverslun*

Lögð fram að nýju umsókn Svavars Jóhannssonar, f.h. SM6 ehf., kt. 570119-1170, dags 28.01.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir innflutningi og dreifingu matvæla frá Smiðjuvegi 6, Kópavogi. Fastanúmer: F2258561
Fyrir liggja eftirlitsskýrslur dags. 11.02.2019 og 26.04.2019.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 5.02.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafnasvæði Ma(CII).
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Hafnarfjörður

*4.1. Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður – veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.04.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Phut ehf., kt. 651114-1520, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II við Staðarberg 2-4, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 21.01.2019.
Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 28.01.2019.

Kópavogur

*4.2. Dalsmári 5, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 24.04.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttahúsinu Smáranum, Dalsmára 5, Kópavogi þann 11.05.2019 frá kl. 19.00 – 02.00.
Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn.

*4.3. Hamraborg 7, Kópavogur – gisting, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.03.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Eldsala ehf., kt. 491117-1840, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir stærra gistiheimili samkvæmt flokki II við Hamraborg 7, Kópavogi.
Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 29.01.2018.

*4.4. Hæðasmári 6, Kópavogur – veitingastaður, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.03.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gló Veitingar ehf., kt. 700608-0500, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II við Hæðasmára 6, Kópavogi. Eftirlit dags. 29. 04. 2019.
Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 02.02.2015.

*4.5. Skálaheiði 2, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.4.04.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn nemendafélags Menntaskólans í Kópavogs, kt. 470576-2199, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttahúsinu Digranesi, Skálaheið 2, Kópavogi þann 11.04.2019 frá kl. 22.00 – 02.00.
Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

SM G.

*4.6. Versalir 3, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.04.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Íþróttafélagsins Gerplu, kt. 700672-0429, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttamiðstöðinni Versölum, Versölum 3, Kópavogi þann 04.04.2019 frá kl. 18.00 – 03.00.
Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

## 5. Skráning starfsemi í samræmi við ákvæði matvælalaga

*5.1. Grundarhvarf 6, Kópavogur – matvælaframleiðsla*

Magnús Magnússon, f.h. Emmson Sveppir ehf., kt. 700709-0430, skráði þann 22.03.2019 framleiðslu á ostrusveppum sem fram fer að Grundarhvarfi 6, Kópavogi. Pökkun afurða fer fram á viðurkenndri pökkunastöð.
Um er að ræða nýja starfsemi.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 17.04.2019.
Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á íbúðarsvæði (Ma(DII).

## 6. Annað

Umsögn um drög að starfsleyfi fyrir Sorpu bs. Til meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi.
Umhverfisstofnun hefur auglýst ofangreind drög að starfleyfi til umsagnar.

Heilbrigðisnefnd samþykkti eftirfarandi bókun:
Aðstaða Sorpu bs. Í Álfsnesi er eini staðurinn á eða í námunda við höfuðborgarsvæðið sem hefur möguleika til að taka á móti olíumenguðum jarðvegi ef óhöpp verða. Eigendur Sorpu, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ber skyldu til að taka á móti slíkum úrgangi eða að geta vísað á slíkan móttökustað. Það er mat heilbrigðisnefndar að mikilvægt sé að aðstaða til móttöku og endurvinnslu á olíumenguðum jarðvegi verði bætt til muna í Álfsnesi. Ákvæði um móttöku og vinnslu á olíumenguðum jarðvegi vantar alveg í fyrrnefnd drög að starfsleyfi. Nefndin beinir því bæði til stjórnar Sorpu bs. og til Umhverfisstofnunar að á því verði fundin lausn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Jón Haukur Ingvason

Linda Hrönn Þórisdóttir

Sigurður Grétarsson

Sævar Gíslason

Ingibjörg Hauksdóttir

Gnýr Guðmundsson

# Fundargerð
# 18. eigendafundar Strætó bs.
# Skrifstofa SSH, mánudaginn 8. apríl 2019, kl. 11:30

Mætt:

**f.h. eigenda Strætó bs.:**

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs boðaði forföll

**frá stjórn Strætó bs.:**
Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs., Garðabæ
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi

Helga Ingólfsdóttir, Hafnarfirði boðaði forföll

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó bs., Páll Guðjónsson frá SSH og Páll Björgvin Guðmundsson frá SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

## 1. mál: Nýtt greiðslukerfi Strætó

Formaður stjónar Strætó bs., Björg Fenger, fór yfir fyrirhugaða innleiðingu á nýju greiðslukerfi Strætó bs. en núverandi greiðslukerfi er orðið gamaldags og styðst við pappírsmiða, pappírskort og plastkort sem mjög auðvelt er að falsa. Þá er núverandi kerfi afar brothætt og ekki til þess fallið að styðja við framsýnan hugsunarhátt í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar. Í nýju greiðslukerfi skannar farþegi sig inn með korti eða appi og verður öll meðhöndlun greiðslna öruggari og skilar sér

beint inn á reikning Strætó bs. og farþegar fá þau kjör sem þeim sannarlega ber. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir innleiðingu á þessari nútímalegri lausn sem nánar er lýst í meðfylgjandi minnisblaði um nýtt greiðslukerfi hjá Strætó bs.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundi:

1) Minnisblað um nýtt greiðslukerfi strætó – höfundur Daði Áslaugarson Strætó bs.
2) Áhættumat á fjárfestingakosti Strætó bs. vegna nýs greiðslukerfis – höfundur Mannvit.
3) Innkaupaaðferðir í boði fyrir Strætó bs. sem fylgir reglugerð um veitutilskipun nr. 340/2017 – höfundur Mannvit.

Í umræðum um málið kom m.a. fram að mikilvægt væri að skoða hvort ný snjalllausn gæti átt samleið með þróun annarra snjalllausna sem verið væri að vinna að á vettvangi sveitarfélaganna. Einnig að horft væri til reynslu og þekkingar af svipuðum kerfum annars staðar sem og mikilvægi þess að horfa fram í tímann varðandi kostnað við uppfærslur o.fl.

**Niðurstaða:**

Í fjárhagsáætlun Strætó bs. hefur verið gert ráð fyrir fjárfestingu og innleiðingu á hinu nýja greiðslukerfi, alls 300 millj. kr, 200 millj. kr á árinu 2019 og 100 millj. kr á árinu 2020. Samkvæmt eigendastefnu Strætó bs. skal fjárhæð einstakra nýrra skuldbindinga sem er yfir 5% af bókfærðu eigin fé Strætó bs. lögð fyrir eigendafund til samþykktar áður en til hennar er stofnað. Þá skal stjórn Strætó bs. leggja fyrir áhættumat.

Handhafar eigendavalds Strætó bs. samþykkja fjárfestingu og innleiðingu á nýju greiðslukerfi Strætó bs. með vísan til þeirra gagna sem lágu fyrir fundinum þ.m.t. áhættumat á fjárfestingakosti Strætó bs. vegna nýs greiðslukerfis.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:00

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 302. fundur

Föstudaginn 12. apríl 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

**Mætt voru**

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Helga Ingólfsdóttir (HI) og Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁÞ), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

1. Efling almenningssamgangna
2. Stefnumótun
3. Vagnaútboð
4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
5. Markaðsmál - grár dagur
6. Ársfundur Strætó 2019
7. Önnur mál

**Tekið fyrir:**

## 1. Efling almenningssamgangna

Áframhaldandi umræða, frá fundi stjórnar 12. október 2018, um skýrslu og aðgerðaáætlun sem Mannvit vann í samstarfi við starfsmenn Strætó um það hvernig helst má efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Í skýrslunni kom meðal annars fram að til að hægt verði að ná betri árangri í að fjölga þeim sem kjósa að nota vistvænnar samgöngur eins og t.d. Strætó, þarf að koma til markvissara samráð á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Strætó og annarra hagsmunaaðila. Í skýrslunni var lagt til að stofnaður yrði faghópur um leiðakerfisbreytingar.

Ragnheiður Einarsdóttir og Valgerður Benediktsdóttir, sérfræðingar á skipulagssviði Strætó, komu á fundinn og fóru yfir stofnun og verkefni faghóps um leiðakerfi.

Í faghópnum sitja fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, ríkinu, samtökum um bíllausan lífsstíl, SSH og Strætó. Markmið hópsins er að tryggja sameiginlega heildarsýn varðandi almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrsta verkefni hópsins verður að endurskoða leiðakerfi Strætó í tengslum við Borgarlínu.

Gert er ráð fyrir að faghópurinn skili fyrstu niðurstöðum að tillögum að breytingu á leiðakerfi í nóvember 2019.

## 2. Stefnumótun

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna varðandi vinnu við stefnumótun Strætó.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að halda áfram með vinnuna í samræmi við umræður á fundinum.

## 3. Vagnaútboð

Umræður um útboð á kaupum á vetnisvögnum sem stjórn samþykkt að fara í á fundi 1. febrúar sl.

## 4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræða um framtíðarfyrirkomulag á akstursþjónustu fatlaðs fólks. Á fundi stjórnar SSH 8. apríl sl. var samþykkt að fela Strætó að hefja undirbúning á framlengingu á núverandi aksturssamningi vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk um allt að sex mánuði.

Jafnframt var samþykkt á fundi stjórnar SSH að setja á stofn vinnuhóp sem hefur það hlutverk að fara yfir og skoða forsendur á nýju útboði ferðaþjónustu fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu. Í hópinn eru tilnefndir Haraldur

Sverrisson frá stjórn SSH, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Björg Fenger stjórnarformaður Strætó og Regína Ástvaldsdóttir sviðsstjóri velferðasviðs Reykjavíkurborgar.

## 5. Markaðsmál – Grár dagur

Á fundi stjórnar 11. janúar 2019 var kynnt hugmyndin að markaðsátaki (grár dagur) til að kynna og auka notkun vistvænna samganga sérstaklega þegar loftmengun færi yfir ákveðin fyrirfram skilgreind heilsufarsmörk.

Mánudagurinn 8. apríl var svokallaður grár dagur. 150 þúsund fríir dagpassar voru sendir út í appinu og samhliða var átakið auglýst á samfélagsmiðlum þar sem fólk var hvatt til að hvíla bílinn, ná í appið og nýta vistvænar samgöngur.

Markaðsátakið gekk vel, samkvæmt upplýsingum úr appinu fjölgaði notendum þess um 1.846 og notkun á appinu jókst töluvert. Meðalfjöldi sem notar appið á hverjum virkum degi er að meðaltali um 12 þúsund en fór upp 16 þúsund á þessum gráa degi og var dagpassinn opnaður af 5.410 notendum. Gera má ráð fyrir að amk. 11 þúsund ferðir hafi verið farnar á dagpassanum þann 8. apríl sl., þ.e. ef þeir sem opnuðu dagpassann notuðu hann að meðaltali 2 sinnum yfir daginn.

Stjórn er ánægð með hvernig til tókst og fagnar því hversu margir nýir notendur komu inn í appið.

## 6. Ársfundur Strætó 2019

Ársfundur Strætó sem átti að halda 4. apríl sl. var frestað. Fundurinn verður haldinn 7. maí nk. í Ráðhúsi Reykjavíkur á milli kl. 12 og 14.

Fundurinn verður auglýstur á samfélagsmiðlum, heimasíðu Strætó og í hefðbundnum fjölmiðlum.

## 7. Önnur mál

a) Leiðakerfisbreytingar í Hafnarfirði, erindi frá Umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðar dags. 27. mars 2019. Stjórn samþykkir að vísa erindinu áfram til umfjöllunar í faghóp um leiðakerfi.
b) Leiðakerfisbreytingar, erindi frá fulltrúa Seltjarnarness í stjórn Strætó, dags. 25. mars 2019. Stjórn samþykkir að óska eftir kostnaðarútreikningum á tillögunni og að vísa erindinu áfram til umfjöllunar í faghóp um leiðarkerfi.
c) Umræður um stefnur frá tveimur rammasamningshöfum í akstursþjónustu fatlaðs fólks, frá því í febrúar 2019, sem telja að á sér hafi verið brotið við framkvæmd akstursþjónustunnar.
d) Umræður um opin fund með hagsmunaaðilum sem haldinn var 28. mars sl. Á fundinum komu fram margar góðar ábendingar um það sem betur má fara. Stjórn lýsir yfir ánægju með fundinn og gerir ráð fyrir að haldnir verði fleiri sambærilegir fundir með farþegum og öðrum hagsmunaaðilum Strætó.

Fundi slitið: kl. 13:00

**Fylgiskjöl:**

- Erindi umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar dags. 27. mars 2019
- Erindi frá Seltjarnarnesi, dags. 25. mars 2019

Björg Fenger — Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir — Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfsdóttir — Ásgeir Sveinsson

# STJÓRN SSH
# 469. fundur

Mánudaginn 8. apríl 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson SSH og Páll Björgvin Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

## 1. Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála – DMP kynning */málsnr. 1904001*

Til fundarins mættu Óskar Jósefsson framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála ásamt Skarphéðni Berg Steinarsyni ferðamálastjóra hjá Ferðamálastofu. Fóru þeir yfir kynningu á hlutverki áfangastaðastofa sem ætlað er að vera leiðandi skipulagseiningar innan landshluta. Þá er þeim ætlað að styðja við þróun innan ferðaþjónustu í átt að sameiginlegri og sjálfbærri framtíðarsýn sem hefur það að markmiði að hámarka ábata viðkomandi svæðis af ferðaþjónustu. Verður stjórnskipulag slíkra stofnana það sama um land allt. Með slíkri stofnun verður kominn upp vettvangur fyrir bein samskipti og samstarf landshluta við ríkisvaldið. Samstarfið gæti gefið af sér tilflutning verkefna, aukið frumkvæði og sjálfræði.

Markmið með stofnun áfangastaðastofa er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu. Meginhlutverkið snýr m.a. að gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlana og viðskiptaáætlana, tengingu við aðrar stefnur, þátttöku í rannsóknum og mælingum, öflun áreiðanlegra gagna, vöruþróun, stuðning við tæknivæðingu ferðaþjónustunnar, uppbyggingu hæfni og gæða, samvinnu við Hæfnisetrið, kynningu og markaðssetningu, álagsmat efnahags, samfélags og náttúru gagnvart fjölda ferðamanna (sjálfbærnivísar og þolmörk landshluta), öryggismál og upplýsingamiðlun.

Umræður.

Í umræðum kom fram mikilvægi þess að fyrir liggi framtíðarsýn ríkisins í málefnum ferðaþjónustunnar sem fyrirkomulag stjórnsýslu ferðamála taki síðan mið af.

**Niðurstaða fundar**
Næstu skref í málinu er þau að Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála eru að funda með landshlutafélögum sveitarfélaga og stjórnum. Í kjölfar fundanna verður kallað eftir endurgjöf. Að lokum verður sameiginlegur fundur með öllum landshlutum og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

## 2. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - aðgerðir og verkefni framundan */málsnr. 1903002*

Vísað er til fundar stjórnar frá 8. mars s.l. en þá var framkvæmdastjóra falið að vinna að samningi/samkomulagi á milli sveitarfélaganna þar sem þau skuldbinda sig til að mæta framlagi ríkissjóðs til undirbúningsverkefna vegna Borgarlínu á árinu 2019 og 2020 sem og samkomulagi um innbyrðis skiptingu framlaganna. Einnig samnings milli SSH f.h. sveitarfélaganna annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (og 2020).

Umræður

**Niðurstaða fundar**
Á fundinum eru lögð fram drög að ofangreindum samningum ásamt tillögu að kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna. Framkvæmdastjóra og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna áfram að samningagerðinni á grundvelli þeirra draga sem nú liggja fyrir.

Stjórn SSH samþykkir að fela Rósu Guðbjartsdóttur og Degi B. Eggertssyni að vinna áfram að gerð erindisbréfs stýrihóps í samvinnu við ríkið um úrbætur samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við tillögur starfshóps SRN, SSH og Vegagerðarinnar.

Þá voru lögð fram drög að dagskrá kynningarfundar um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu fyrir kjörna fulltrúa sem haldinn verður föstudaginn 12. apríl n.k. Framkvæmdastjóra falið að ljúka dagskrá og undirbúningi í samráði við formann stjórnar.

**3. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk** */málsnr. 1711002*

Áframhaldandi umræða um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

**Niðurstaða fundar**
Stjórn telur nauðsynlegt að Strætó bs. hefji undirbúning á framlengingu núverandi akstursamninga vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk um allt að sex mánuði.

Þá felur stjórn framkvæmdastjóra að setja á stofn vinnuhóp sem hefur það hlutverk að fara yfir og skoða forsendur á nýju útboði ferðaþjónustu fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu. Í hópinn tilnefnir stjórn Harald Sverrisson frá stjórn SSH, Pál Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóra SSH, Björgu Fenger stjórnarformann Strætó bs. og Regínu Ástvalsdóttur sviðstjóra velferðasviðs Reykjavíkurborgar.

**4. Önnur mál**

a) Svifryksmengun: Dagur B Eggertsson vekur athygli á framtaki Strætó bs., en allir sem eru með Strætóappið geta fengið fríar ferðir í dag, 8. apríl. Reykjavíkurborg hefur verið að hvetja borgarbúa til þess að hvíla bílinn næstu daga meðan helstur leiðir eru rykbundnar og þannig dregið úr svifryksmyndun.

b) Málefni kjarasamninga. Ásgerður Halldórsdóttir leggur til að á næsta stjórnarfundi SSH verði tekin umræða um málefni kjarasamninga og boðaðir verði til fundarins fulltrúar frá Sambandi Íslenskra sveitarfélag ásamt Hörpu Ólafsdóttur frá Reykjavíkurborg.

c) Dreifibréf til sveitarfélaga frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 18.mars 2019. Ármann Kr. Ólafsson fjallaði um erindi eftirlitsnefndarinnar. Frekari umræðu um erindið er vísað til næsta stjórnarfundar.

**5. Framkvæmdastjóraskipti** */málsnr. 1811005*

Í dag eru framkvæmdastjóraskipti hjá SSH. Stjórn vill þakka Páli Guðjónssyni framkvæmdastjóra SSH fyrir farsælt, gott og óeigingjarnt starf í þágu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Páll hefur starfað sem framkvæmdastjóri SSH síðastliðin 11 ár en hverfur nú frá störfum. Óskar stjórn Páli velfarnaðar til framtíðar.

Páll Björgvin Guðmundsson hefur hafið störf sem framkvæmdastjóri SSH og er boðinn velkominn til starfa.

Stjórn undirritaði síðan skjöl er varða prókúru og bankareikninga SSH og tengjast framkvæmdastjóraskiptunum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00.

**SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Ár 2019, þriðjudaginn 9. apríl var haldinn 374. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 13:00
Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Björg Fenger Garðabæ, Halla Karí Hjaltested Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi. Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði boðaði forföll.
Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá fundi sem þeir ásamt fulltrúa Garðabæjar áttu með Skíðaráði Reykjavíkur og Skíðagöngufélagið Ulli um ýmis mál á skíðasvæðum.

2. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 6. apríl sl. varðandi stöðuna í fjöllunum. Aðeins var opið í 13 daga í mars. Bláfjallagangan var haldinn 30. mars og gekk mjög vel. Nægur snjór er enn í fjöllunum og vonast er til að hann haldi fram yfir páska.

3. Framkvæmdastjóri fór yfir þjónustukönnun Reykjavíkurborgar sem snýr að Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Fundi slitið kl. 14:00.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fenger
Halla Karí Hjaltested

Magnús Örn Guðmundsson
Rúnar Bragi Guðlaugsson

SORPA
ÁRANGUR Í ÚRGANGSMÁLUM

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR

406. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) í Borgarnesi 12.04.2019, kl.08:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. **Stækkun móttökustöðvar – útboð og fjármögnun**
   Framkvæmdastjóri fór yfir og kynnir minnisblað um málið. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hafna lægsta tilboði vegna annmarka. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við næstbjóðanda Alefli og jafnframt að ræða við Íslandsbanka um fjármögnun.
2. **Staða förgunarmála á höfuðborgarsvæðinu**
   Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað um stöðu förgunarmála á höfuðborgarsvæðinu. Málið rætt.
3. **Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturlandi**
   Framkvæmdastjóri leggur fram fundargerð samrráðsnefndar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi frá 18. mars 2019. Málið rætt. Stjórn telur ekki ástæðu til að breyta núverandi samkomulagi.
4. **Staðsetning endurvinnslustöðva**
   Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva kynnir skýrslu VSÓ um hentug staðarvöl stöðva til framtíðar. Málið rætt
5. **Efnismiðlun Góða hirðisins**
   Lagt fram minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um málefnið en efnismiðlunin hefur nú verið rekin í tæplega ár. Málið rætt. Stjórn samþykkir að halda verkefninu áfram.
6. **Ráðning stöðvarstjóra móttöku- og flokkunarstöðvar**
   Framkvæmdastjóri kynnir að Ástþór Ingi Ingvarsson hafi verið ráðinn stöðvarstjóri móttöku – og flokkunarstöðvar SORPU bs. í Gufunes eftir venjulegt ráðningarferli. Ástþór Ingvi mun hefja störf þann 1. júlí nk. um leið og núverandi stöðvarstjóri lætur af störfum. Stjórn býður nýjan stöðvarstjóra velkominn til starfa.

7. **Fulltrúi á aðalfundi Metan ehf.**
Aðalfundur Metan ehf. hefur verið boðaður mánudaginn 29. apríl nk. kl. 16:00. Stjórn felur formanni að fara með umboð stjórnar SORPU bs. á aðalfundi Metan ehf.

**Næsti fundur**
Næsti fundur ákveðinn þann 29. apríl kl. 12:00.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 10:18
Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

***Stjórn Reykjanesfólkvangs***
*kt. 581280-0419*
*Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík*

***Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 27. mars 2019.***
Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

**Mættir:** Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Þórður Ingi Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Gíslason, Guðmundur Grétar Karlsson, Margrét Pálsdóttir og Andri Steinn Hilmarsson.
Einnig sátu fundinn René Biazone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

**1. Leyfi til að taka leir í Seltúni**
Lagt fram bréf Hörpu Dísar Hákonardóttur dags. 25.03. sl. varðandi ósk um að fá að taka 40 kg af leir í jaðri jarðhitasvæðisins í Seltúni til að nota í útskriftarverk í myndlistardeild í Listaháskólanum.
Stjórnin vill þakka Hörpu Dís fyrir að hafa samband en beinir erindinu til Umhverfisstofnunar sem metur hvort erindið sé leyfisskylt. Stjórnin óskaði eftir að verða upplýst um framgang málsins.

**2. Samvinnusamningur um Reykjanesfólkvang**
Rætt um gerð samvinnusamnings aðildarsveitarfélaga fólkvangsins, hvað slíkur samningur ætti að fjalla um og mögulegar fyrirmyndir að slíkum samningi. Lagt til að safnað verði saman mögulegum spurningum sem þyrfti að svara varðandi innihald samnings og vinna með á vinnufundi og ferð í maí. Ákveða þarf tímasetningu fundar/ferðar sem fyrst.

**3. Aðgerðaáætlun vegna lúpínu**
Lögð fram endurskoðuð aðgerðaáætlun vegna takmörkunar á útbreiðslu lúpínu. Samþykkt að senda aðgerðaáætlunina sem minnisblað og óska eftir stuðningi við málið til Hafnarfjarðar, Grindavíkur, Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis.
Minnisblaðið verður einnig sent með fundargerð.

**4. Ástand gönguleiða ofl.**
GGK opnaði umræðu um ástand á merkingum gönguleiða í fólkvanginum sem er víða áfatt. Í framhaldi af því var umræða um hvar mætti afla styrkja til aðgerða og hvaða takmarkanir gætu verið á því t.d. þörf á skipulagi. Fram kom að ýmis svæði í fólkvanginum hafa fengið og eru að fá styrki úr framkvæmdasjóði ferðamála og úr innviðasjóðnum, Seltún, Krýsuvíkurberg, Leiðarendi og Búrfellsgjá með umsóknum frá sveitarfélögunum. Fara þarf betur yfir hvaða möguleikar eru varðandi styrki og fá betri yfirsýn yfir núverandi aðgerðir í fólkvanginum.

Áætlað er að hafa vinnufund og ferð í maí

Fundi slitið kl. 18:10

**Garðabær 2. maí 2019**

Fyrirspurn um kostnað og áætlanir vegna framkvæmda við Bæjargarðinn

- Hver er núverandi staða á heildarkostnaði framkvæmda við Bæjargarðinn?
- Óskað er eftir sundurliðun á kostnaði við Bæjargarðinn
- Hver er áætlaður heildarkostnaður við Bæjargarðinn við verklok?
- Óskað er eftir afriti af framkvæmdaáætlun Bæjargarðs

Virðingarfyllst,
Ingvar Arnarson, bæjarfulltrúi

**Tillaga Garðabæjarlistans um samning við Janus heilsueflingu.**

**Flutningsmaður: Valborg Ösp Árnadóttir Warén**

Bæjarstjórn samþykkir að gerður verður samningur við Janus heilsueflingu og að verkefnið verði þannig hluti af heilsueflandi samfélagi.

Með Janus heilsueflingu er leitast við að efla heilbrigði með því að skapa fólki aðstæður og umhverfi sem gera einstaklingum kleift að auka lýðheilsu og efla vilja til að viðhalda heilbrigði.

**Greinargerð**

Heilsurækt fyrir íbúa 65 ára og eldri þarf að vera aðgengileg og fjölbreytt enda er um að ræða hóp fólks með ólíkar þarfir og gera má ráð fyrir því að kröfur eldri borgara séu bæði margþættar og ólíkar. Samkvæmt Úttekt íþróttafulltrúa Garðabæjar á þátttöku 67 ára og eldri íbúa Garðabæjar í frístundastarfi eru um 500 eldri borgarar sem eru ekki skráðir i neina hreyfingu og því væri Janus heilsuefling mikilvæg viðbót við þá heilsurækt og þjónustu sem er nú þegar í boði fyrir þennan aldurshóp í Garðabæ.

**Tillaga um umbætur í starfsumhverfi grunnskólakennara**
**Flutningsaðili: Sara Dögg Svanhildardóttir**
Bæjarstjórn samþykkir að fela fræðslusviði að fá kynningu á rafræna kerfinu www.learncove.io . Kerfið er sérstaklega hannað með þarfir kennara í huga þegar kemur að því að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda byggt á hæfni þeirra og námsgetu. Með innleiðingu slíks kerfis má einfalda utanumhald gagna, upplýsingagjöf og fá um leið góða yfirsýn yfir námsfravindu hvers nemanda. Enn fremur styður slíkt kerfi við hagræðingu í starfi kennara og ýtir undir bætt starfsumhverfi.

**Greinargerð**
Með fjórðu iðnbyltingunni munum við sjá fram á miklar breytingar í flestum atvinnugreinum. Aftur á móti er kennarastarfið sú atvinnugrein sem spáð er um að taki hvað minnstum breytingum þegar litið er til umbreytingu starfa í kjölfar tækniþróunar.
Í nýútkominni skýrslu nefndar á vegum forsætisráðuneytisins, *Ísland og fjórða iðnbyltingin* er farið yfir mögulega þýðingu fjórðu iðnbyltingarinnar á öll störf m.a. kennarastarfið. Þar er sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að skoða þá þætti þar sem tækni getur bætt starfsaðstöðu fólks til muna og aukið velferð á vinnustað. Slík markmið er nauðsynlegt að ræða þegar fjallað er um uppbrot á vinnumarkaði vegna tæknibreytinga.
Tæknin mun hafa hagræðingaráhrif, breyta störfum, leggja einhver þeirra af og skapa ný. Til þess að kennarastarfið standist þá samkeppni sem verður um vel menntaða starfsmenn í heimi hinna öru tæknibreytinga verða vinnuveitendurnir þ.e. sveitarfélögin að taka þau skref sem hægt er að taka í þágu tækni og aukinnar velferðar á vinnustað. Einfaldara aðgengi að alls kyns þjónustu er liður í því sem og rafræn kerfi sem halda utan um viðamikið starf kennarans.